

SHALDOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Hljóðkerfaleiga



10 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ

Europpris

10% af matvöru og 20% af öllum öðrum vörum


FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

25. júlí 2012
173. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þeim tölukörnum Capacent Gallup júlí - mars 2012



Hannar skartgripalínu

Steinunn Camilla, úr The Charlies, hannar skart og selur á netinu.

popp 30

Hlýtur Rauða depilinn

64° Reykjavík Distillery hlýtur Rauða depilinn í ár fyrir líkjörflöskur.

tímamót 20




Ekki dæmdir af tapinu

Íslenska körfuboltalandsliðið tapaði stórt fyrir Ólympíuliði Litháa í gær.

sport 26

veðrið í dag



SÍÐDEGISSKÚRIR Í dag veður hægur vindur víðast hvar en að 10 m/s við NV- og A-stöndina. Skýjað að mestu A-til en bjartara V-til. Skúrir víða um land síðdegis.

VEÐUR 4

Sakar orkumálastjóra um að sýna rammaáætlun léttúð

Umhverfisstjórn segir orð orkumálastjóra um rammaáætlun grafalvarleg. Hann tali um flókið ferli af léttúð. Iðnaðarráðherra segir æskilegt að fara hægt í veita rannsóknarleyfi þar til áætlunin er tilbúin.

VIRKJANAMÁL „Mér finnst grafalvarlegt að orkumálastjóri skuli tala af slíkri léttúð um það flókna og langa ferli sem rammaáætlun er,“ segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisstjórnar. Tilefnið er orð Guðna A. Jóhannessonar orkumálastjóra í Fréttablaðinu í gær.

Orkustofnun hefur nú til afgreiðslu umsóknir um rannsóknarleyfi á svæðum sem rammaáætlun gerir ráð fyrir að séu í biðflokki. Um það sagði Guðni: „Við í stjórnáætlun getum ekki farið eftir einhverjum frumvörpum eða tillögum sem liggja frammi. Sérstaklega ekki með tilliti til þess að löggjafinn hefur haft þær undir höndum töluvert lengi án þess að

Ég verð að segja að mér finnst orð orkumálastjóra grafalvarleg.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR
UMHVERFISRÁÐHERRA

Samþykka þær. Þá fer auðvitað að falla svolítið á þær.“

Umhverfisstjórn segir að Guðni hafi sjálfur setið í verkefnisstjórn rammaáætlunar. „Honum ætti því að vera fullkunnugt um það hversu ítarlegt ferlið er og mikilvægt að það sé virt í hvívetna.“

Svandís segir mikilvægt að stofnanir samfélagsins vinni allar saman að þeirri niðurstöðu sem

rammaáætlunin sé, einnig Orkustofnun. „Það væri ekki bragur á því ef Orkustofnun mundi rjúfa þá vegferð.“ En finnst henni stofnunin vera að því? „Ég verð að segja að mér finnst orð orkumálastjóra verulegt áhyggjuefni.“

Steingrímur J. Sigfússon iðnaðarráðherra segir stöðuna undirstrika mikilvægi þess að Alþingi ljúki sem fyrst afgreiðslu rammaáætlunar. Hann vonast til að það gerist fljótlega.

„Það er æskilegt að menn fari sér hægt varðandi veitingar leyfa þar til þeirri vinnu er lokið. Lögin um rammaáætlun og andi þeirra hefur stefnumarkandi gildi. Það er búið að setja lögin og verið að

vinna í flokkuninni og það verður að hafa til hliðsjónar. Málið er í þingnefnd og verið er að vinna að því.“

Steingrímur segir ekki bæta stöðuna að rjúka af stað og gefa út rannsóknarleyfi núna. „Sú staða getur komið upp nokkrum vikum síðar að viðkomandi svæði sé sett í biðflokk sem þýðir sjálfkrafa takmörkun á því hvað má rannsaka og hvað ekki.“

Þá segir hann þegar liggja fyrir fjölmarga virkjanakosti sem ekki standi deilur um. „Það ætti því ekki að stoppa neitt þó menn hinkri með útgáfu leyfa þar til rammaáætlun liggur fyrir.“

- kóp



LAXVEIÐI Í ELLIÐAÁM Torfi Ingólfsson hefur margra ára reynslu af því að renna fyrir fisk í Elliðaánum. Hann segir fátt betra á efri árum en að verja tímanum í fiskveiði, þó svo að aflinn hafi oft verið meiri.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vinsældir Tottenham aukast: Gylfi sópar að sér aðdáendum

FÓLK Eftir að fótboltastjarnan Gylfi Sigurðsson skrifaði undir samning við enska liðið Tottenham fyrir tæpum mánuði hafa vinsældir liðsins aukist hertilendis. Ekki nóg með að sala á Tottenham-treyjum sé meiri en nokkru sinni fyrr heldur hefur meðlimum í Tottenham-klúbbnum á Íslandi fjölgað um 10 prósent frá síðustu mánaðamótum.

„Gylfi er hógvægur gaur sem lætur verkin tala og það er ekkert vesen á honum. Hann er alveg eins og aðdáendur vilja hafa stjórnurnar sínar,“ segir Birgir Ólafsson, formaður Tottenham-klúbbsins á Íslandi.

- trs / sjá síðu 30



GYLFI SIGURÐSSON

Kaffirjómi
Frábær út í kaffið og til matargerðar.

Geymslupólin mjólkurvara

ms.is

Breytingaverkstæði hefur ekki undan að setja mótora á reiðhjól: Yfir 200 reiðhjól rafvædd í ár

SAMGÖNGUR Sprotafyrirtækið Rafhjól hefur rafvætt yfir tvö hundruð reiðhjól það sem af er þessu ári og yfir fjögur hundruð síðan það hóf starfsemi árið 2008. „Ástæðan fyrir því að við höfum ekki breytt meira í ár er að það er svo mikið að gera. Við höfum einfaldlega ekki haft undan,“ segir Gunnar Gunnarsson hjá Rafhjólum.

25 kílómetrar á klukkustund er hámarkshraða rafhjóla sem ekki eru skráð sem létt bifhjól.

Brögð eru að því að eigendur slíkra breyttra hjóla rjúfi innsigli á vélbúnaði hjóla sem gerir

þeim kleift að komast hraðar en 25 kílómetra á klukkustund. Það er bannað ef hjólin eru ekki skráð sem létt bifhjól.

„Það er hreint og klárt brot á lögum,“ segir Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.

Með þessu hefur lögregla hins vegar ekkert sérstakt eftirlit.

- bph / sjá síðu 4

FULLKOMINN FERÐAFÉLAGI!

www.forlagid.is - alvöru bókaverslun á netinu

Pronto!
er ítalska og segir okkur að eitthvað sé „tilbúið“.

Knorr kemur með góða bragðið!

Vertu
snjallari
með Nova!

Græjaðu þig upp fyrir sumarið hjá Nova!



Marc Jacobs iPad töskur

14.990 kr.

Fást í Nova Lágmúla.



Nova regnstakkar

2.490 kr.



Marc Jacobs iPhone hulstur

8.990 kr.

Fást í Nova Lágmúla.



Bíókort

3.990 kr.



URBANEARS Bagis

5.990 kr.



URBANEARS Plattan

11.990 kr.



Söngbók Nova

0 kr.



Sæktu um lykil núna á ob.is

Strákarnir okkar stjórna afslættinum!

Ef íslenska handboltalandsliðið á Ólympíuleikunum vinnur til dæmis með 8 mörkum, verður 8 kr. afsláttur daginn eftir á öllum ÓB- og Olís-stöðvum með ÓB-lyklinum. Afsláttur gildir einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís. Hver verður afslátturinn eftir Ísland - Bretland?



*SPÁ ÞÁTTTAKENDA Á FACEBOOK-SÍÐU ÓB

Ólympíuleikur

- Giskaðu og þú getur unnið



ÓB-GULLYKILL
-20 kr.
af lítranum í 10 skipti



ÓB-SILFURLYKILL
-15 kr.
af lítranum í 10 skipti




ÓB-BRONSLYKILL
-10 kr.
af lítranum í 10 skipti



Kíktu inn á Facebook-síðu ÓB og kynntu þér skemmtilegan leik sem gefur þér möguleika á enn meiri afslætti!



Afsláttur gull-, silfur- og bronslykils bætist ekki við annan afslátt. Afsláttur vegna markatölu bætist ekki við annan afslátt.



STURTUhorn

Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja

SUMAR
Verð!



SUMARverð!
28.900

HERT ÖRYGGISGLER

CE ISO 9001



SUMARverð!
27.900

HERT ÖRYGGISGLER

CE ISO 9001

RÚNNAD STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

KANTAD STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

til
afgreiðslu
af lager



SUMARverð!
56.900

HERT ÖRYGGISGLER

CE ISO 9001

Lausar hlífar framán á botni

KANTADUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90



SUMARverð!
58.900

HERT ÖRYGGISGLER

CE ISO 9001

Lausar hlífar framán á botni

RÚNNADUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

heilir Sturtuklefar

Hert öryggisgler allan hringinn • Sturtusettt fylgir

Verslið
þar sem úrvalið
er mest!

www.i-t.is

**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18

| Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Forsvarsmenn Valitors segjast ekki hafa látið undan þrýstingi frá Bandaríkjunum:

Ógerningur að hlíta dómnum

DÓMSMÁL Kortafyrirtækin Valitor er ógerningur að verða við nýlegum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur um greiðslubjónustu við fyrirtækið Datacell og neyddist því til að áfrýja honum til Hæstaréttar. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem Valitor sendi frá sér í gær.

Dómurinn kveður á um að Valitor, umboðsaðila Visa á Íslandi, beri að opna á greiðslugátt Datacell, sem gerir fólki kleift að styðja við upp-ljóstraravefinn Wikileaks með fjárfraðslögum.

Í yfirlýsingu Valitors segir að fyrirtækið taki ekki afstöðu til



ÁFRÝJAR Vidar Þorkelsson er forstjóri Valitors.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

starfsemi Wikileaks eða deilu þeirra við alþjóðlegu kortasamsteypurnar. Hins vegar geti Valitor alls ekki þjónustað Datacell, enda

mundu kortasamsteypurnar koma í veg fyrir greiðslur til Wikileaks. Auk þess væri það óábyrgt og gæti sett starfsemi Valitors hérlendis í uppnám.

Í yfirlýsinguinni er sú málsvörn Valitors áréttuð að Datacell hafi vísvitandi leynt þeim tilgangi sínum að vera milliliður fyrir Wikileaks. Héraðsdómur féllst ekki á þá skýringu.

„Loks skal tekið fram að getgátur um að bandarísk yfirvöld hafi þrýst á Valitor um að veita Wikileaks ekki þjónustu eru algerlega úr lausu lofti gripnar og ósannar,“ segir að lokum.

- sh



MÓTMÆLI Á SPÁNI Spánverjar fjölmenna nú á degi hverjum til mótmæla gegn sparnaðarráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

NORDICPHOTOS/APP

Samaras boðar betri tíð í lok næsta árs

Antonis Samaras, forsætisráðherra Grikklands, segir evrópska stjórnámamenn gera allt sem þeir geta til að gera Grikkjum erfitt fyrir. Fulltrúar ESB og AGS komu til Grikklands í gær að meta hve vel hefur gengið að draga úr ríkisútgjöldum.

EVROPUSAMBANDIÐ Ríkisstjórnin á Grikklandi reynir nú að semja við fulltrúa Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um næstu útborganir úr neyðarsjóðum þeirra.

Fulltrúar þeirra komu til Grikklands í gær til að leggja lokamat á það hve grískum stjórnvöldum hefur tekist vel að standa við sparnaðaráform, sem voru skilyrði frekari fjárhagsaðstoðar.

Grikkir eru í kappi við tímann, því takist ekki samningar í september hefur ríkissjóður Grikklands ekki bolmagn til að greiða afborganir af öllum lánunum.

Antonis Samaras forsætisráðherra lofar því að innan hálfis annars árs muni birta til og hagvöxtur hefjast á ný eftir langt samdráttarskeið. Þetta segir hann þrátt fyrir að sjö prósentu samdrætti sé spáð í ár.

Samaras fór hörðum orðum á

þingi í gær um stjórnámamenn Evrópuríkja, sem hann sagði gera allt sem þeir gætu til þess að gera Grikkjum erfitt fyrir.

Beindi hann þar spjótum sínum ekki síst að Philipp Rösler, sem er viðskiptaráðherra og aðstoðarkanslari Þýskalands. Rösler sagði fyrr í vikunni að tilhugsunin um brotthvarf Grikklands af evrusæðinu væri ekki jafn skelfileg og áður. Staða Grikklands væri orðin það erfið að annar möguleiki væri varla lengur fyrir hendi.

Rösler hefur reyndar verið harðlega gagnrýndur í Þýskalandi, einkum af stjórnarandstöðunni en einnig af stjórnarliðum.

Með ummælum sínum er Rösler sagður stofna fjárhag Þýskalands í hættu og lækkun lánshæfismats Moodys á mánudag rakin beint til þessara ummæla.

Engan veginn er heldur séð fyrir endann á fjárhagsvandráðum Spánar og Ítalíu og verður samdráttur þar meiri en vonir höfðu staðið til.

Katalónía er til dæmis þriðja sjálfstjórnarhéraðið á Spáni sem biður um fjárhagsaðstoð frá ríkinu. Erfiðleikar héraðanna bætast beint ofan á fjárhagsferfiðleika spænskra banka, sem einnig hafa leitað á náðir ríkisstjórnarinnar.

Áhyggjur fjárfesta og evrópskra banka af stöðu Spánar hafa orðið til þess að lántökukostnaður Spánar hefur hækkað verulega síðustu daga, þrátt fyrir að evruríkin hafi síðastliðinn föstudag endanlega gefið samþykki fyrir því að veita Spáni 100 milljarða evra í fjárhagsaðstoð, sem á að renna til verst stöddu banka landsins.

gudsteinn@frettabladid.is

Óheppilegt að yfirborðsmerkingar og hlið hafi ekki verið sett upp á sama tíma:

Neyðast til að laga vegmerkingar

SAMGÖNGUR Vegagerðin hefur sent vinnuhóp til þess að laga vegmerkingar við þéttbýlishlið sem búið er að koma upp við innganginn að þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Hraðahindrunin hafði vakið þó nokkra athygli enda leit út fyrir að akreinin inn í þjóðgarðinn tæki skyndilega enda við hliðið.

„Það var óheppilegt að ekki var búið að klára yfirborðsmerkingar um leið og hliðin voru sett upp,“ segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar.

Hann segir að málningarflokkur hafi verið sendur út til að klára að mála þær línur sem upp á vantar og hylja heilu línuna. Ekki standi þó til að breyta hliðinu.

„Það er umferðaröryggisatriði að menn komi ekki of hratt inn í þjóðgarðinn. Hraðinn á Mosfells-



ÞÉTTBÝLISHLIÐ Vegagerðin hefur komið fyrir þéttbýlishliðum við enda þjóðgarðsins, enda 50 kílómetra hámarks hraði á veginum eins og í þéttbýli.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

heiðinni að þjóðgarðinum er 90 kílómetrar, svo er hraðinn tekinn niður í 70 og þegar komið er að þéttbýlishliðinu er hámarks hraðinn lækkaður niður í 50. Ástæðan

fyrir þessum hámarks hraða er ósk frá stjórnendum þjóðgarðsins en þar að auki er vegurinn ekki hannaður fyrir hraðari umferð,“ segir G. Pétur.

- ktg

BÓKAÐU
HÓTEL OG BÍL

200.000 hótél í 165
löndum / 800.000 bílar
í 125 löndum

Komdu með til Köben!

Köben, verð frá:

14.900 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar.
Ferðatímabil: 26. júlí til 30. september 2012

12 TÍMA TILBOÐ!
frá hádegi til miðnættis

Tvær sjóðheitar og suðrænar!

Barcelona / Bologna, verð frá:

19.900 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar.
Ferðatímabil til **Barcelona**: 26. júlí til 8. október 2012
Ferðatímabil til **Bologna**: 26. júlí til 26. ágúst 2012

Iceland Express 

-lækkar verð

Ferskasti nammibarinn

VATNSMELÓNUR
GULAR MELÓNUR
GALÍA
CANTALOUPE
HONEY DEW
CRENSHAW
ORANGE FLESH
PIEL DE SAPO

TILBOÐ
VATNSMELÓNUR

149 kr/kg

Gildir til 29.júlí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Sjósundkappinn Benedikt Lafleur hyggur á ferðabjónustu tengda sjósundi:

Vill fá ferðamenn í sjósund í Skagafjörð

FERÐAMÁL Sjósundkappinn og listamaðurinn Benedikt Lafleur hefur uppi áform um að koma á laggirnar ferðabjónustu tengdri sjósundi. Benedikt fékk í síðustu viku ferðaskipuleggjandaleyfi og ætlar að hefja tilraunaferðir á næstu vikum en ryðja sér síðan braut á ferðamarkaðnum næsta sumar.

„Þar sem ég er nú hérna í Skagafirðinum þá mun ég náttúrulega nýta mér þessar kjöraðstæður á Reykjaströnd eins og sumir,“ segir hann en eins og menn vita tók Grettir Ásmundsson land þar þegar hann var eldfæralaus úti í Drangey.

Á Reykjaströnd er síðan Grettislaug þar sem gott er að ylja sér eftir volkið. Enn



BENEDIKT LAFLEUR TEKUR VIÐ LEYFINU Fimmhundraða leyfi Ferðamálastofu féll Benedikt í skaut svo nú er hann með pappírna upp á vasann til að fara með ferðamenn í sjósund. MYND/FERÐAMÁLASTOFA

fremur segir hann að hann muni bjóða upp á sjósundferðir víðar á landinu.

Benedikt er að vinna að mastersverkefni um áhrif sjósunds á heilsuna og segir það verkefni krefjast ýmissa tilrauna og rannsóknna. Eins er hann að undirbúa sig fyrir mikla sjósundferð sem hann vill reyndar ekki segja meira um á þessu stigi málsins. Í þeim tilgangi synti hann um síðustu helgi frá Hegrnesi til Sauðárkróks sem er tæplega fimm og hálf kílómetra sund.

Hann segist vongóður um að þessari nýlundu verði vel tekið. Leyfið sem Benedikt fékk er það 500. sem Ferðamálastofa gefur út en þessar leyfisveitingar hafa verið á könnu Ferðamálastofu frá árinu 2006. -jse



FÓTABAD JÓLASVEINANNA Hin árlega samkoma jólasveina var haldin í Kaupmannahöfn í vikunni. Þar brugðu þeir sér að venju í bað. NORDICPHOTOS/AFP



SEKUR Peter Mangs var sakfelldur fyrir tvö morð og fjórar morðtilraunir. Lífstíðarfangelsi liggur við glæpum hans. NORDICPHOTOS/AFP

Dómur yfir Malmö-skyttu:

Mangs sekur um tvö morð

SVÍÞJÓÐ Peter Mangs var í gær sakfelldur fyrir tvö morð og fjórar morðtilraunir. Hann var handtekinn árið 2010 eftir yfirgripsmikla rannsókn á fjölda skotárása í Malmö um árabíl.

Mangs var ákærður fyrir þrjú morð og tólf morðtilraunir en lýsti sig saklausan.

Fyrri morðið sem Mangs var sakfelldur fyrir framdi hann árið 2003 og það seinna árið 2009. Gerðir hans hafa verið tengdar kynþáttafordómum, en fórnarlömbin voru nær öll af erlendum uppruna.

Mangs á yfir höfði sér allt að lífstíðarfangelsi fyrir glæpina. -þj

Leggja til lagabreytingar:

Löggan vill láta banna götubetl

NOREGUR Norska lögreglan er fylgjandi því að betl verði bannað með lögum á götum norskra borga og bæja. Margt bendi til þess að betl tengist glæpastarfsemi og almennri óreglu. Þetta kemur fram í frétt Aftenposten.

Þrjú flokkar á þingi, Íhaldsflokkurinn, Framfaraflokkurinn og Miðjuflokkurinn, hafa talað fyrir slíku banni, en betl hefur verið löglegt síðustu sjö ár.

Stjórnvöld telja þó ekki fram komin nægjanlega sannfærandi rök fyrir allsherjarbanni. Betlarar hafi sín réttindi en fari þeir á svig við lög hafi lögreglan úrræði til að bregðast við. -þj

BÚTSÖG

26.900

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA

Sími: 585 2888

skattur.is

Álagningu skatta er lokið

Álagningar- og innheimtuseðlar

einstaklinga eru aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra;
www.rsk.is og www.skattur.is.

Útborgun bóta og endurgreiðsla hefst 1. ágúst

Vaxtaniðurgreiðsla, barna- og vaxtabætur ásamt öðrum inneignum verða greiddar 1. ágúst. Innheimta eftirstöðva hefst á sama tíma.

Álagningarskrár liggja frammi á starfsstöðvum ríkisskattstjóra, dagana 25. júlí til 8. ágúst 2012 að báðum dögum meðtöldum.

Kærufresti lýkur 24. ágúst 2012.



RÍKISSKATTSTJÓRI

Europaþris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!



VIÐ ERUM

Af því tilefni er **10%** afsláttur af af öllum öðrum vörum

Allir sem versla fara í **LUKKUPOTT**



TRAMPÓLIN MEÐ ÖRYGGISNETI

Að verðmæti kr 54.980



MARKÍSA 3 X 2,5 METRAR

Að verðmæti kr 34.990



SLÁTTUVÉL BLACK & DECKER

Að verðmæti kr 22.990



HÁPRÝSTIDÆLA BLACK & DECKER

Að verðmæti kr 13.999



GARÐBORÐ OG TVEIR STÓLAR

Að verðmæti kr 10.270



Vinningsnúmer verða birt í næsta bæklingi sem kemur út þann 1. ágúst

*Allir sem versla fyrir 1000 krónur eða meira fara í lukkupott. ATH! ÖNNUR TILBOÐ GILDA EKKI Á MEÐAN.



10 ÁRÁ

matvöru og **20% afsláttur**

frá miðvikudeginum 25. júlí til og með sunnudeginum 29. júlí

og geta unnið glæsilega vinninga*



**HÆGINDASTÓLL
MEÐ FÓTSKEMLI**
Að verðmæti kr 49.990



**REIÐHJÓL
AÐ EIGIN VALI**



TVÖFALT VÖFLUJÁRN
Að verðmæti kr 8990



HRÍSGRJÓNAPOTTUR
Að verðmæti kr 3999



SVEFNPOKI
Að verðmæti kr 3490

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



FERÐAMÖNNUM ALLTAF AÐ FJÖLGA
Ferðamenn í júní síðastliðnum voru 13,3 prósentum fleiri en í sama mánuði í fyrra. Ferðamálastofa hefur verið með brottfarartalningar í Leifsstöð í 11 ár og á því tímabili hefur aukningin að jafnaði verið 9 prósent á milli ára.



Hugsaðu vel um fæturna

Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?

Teg: Arisona. St. 35 – 48. Verð: 12.885,-

Misty skor
Laugavegi 178

BIRKENSTOCK

Vertu vinur

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

Sími 551 2070

Opíð mán.-fös. 10-18.

Lokað á laugardögum í sumar



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



SÁTTIR Eigendurnir Markús Hauksson og Vilhjálmur Sanne eru ánægðir með breytinguna.

HÁTT TIL LOFTS OG VÍTT TIL VEGGJA

DILLON KYNNIR Viskí- og rokkbarinn Dillon fagnar tólf ára afmæli um þessar mundir og af því tilefni var ákveðið að gera endurbætur á efri hæð staðarins.

Í tilefni tólf ára afmælis rokkbarsins Dillons var ákveðið að ráðast í stórfelldar endurbætur á efri hæð staðarins. „Okkur fannst kominn tími á breytingu og við ákváðum að fara alla leið. Efri hæðin var þröng og drungaleg. Við rifum niður herbergi, eldhús og ris og nú er þarna bæði hátt til lofts og vítt til veggja og miklu bjartara,“ segir Vilhjálmur Sanne annar eigandi staðarins.

Húsið sem stendur við Laugaveg 30 er 107 ára gamalt og var ákveðið að endurnýta viðinn sem var rifinn af veggjum og gömlu gólfjalirnar og sníða upp á nýtt. „Þetta var eflaust dýrara en að kaupa nýtt en kemur virkilega vel út. Við höldum í þetta gamla

og viðskiptavinum líkar vel,“ segir Vilhjálmur en breytingin skilar sér að hans sögn í breiðari viðskiptavinahóp.

Nýlega tóku þeir félagar yfir kjallara hússins sem áður hýsti verslunina Dogma og stendur til að opna kaffi- og veitingastað sem mun þjóna öllum hæðum og garðinum. „Hingað til höfum við verið viskí- og rokkbar en bráðlega verður líka boðið upp á mat.”

Fleira er á döfnni hjá Dillon en um verslunarmannahelgina verður Rokk Festival 2012 haldið í garðinum á bak við staðinn í sjötta sinn. „Þarna verða fremstu rokkhljómsveitir landsins, grill, lukkuhjól og bullandi menning,“ segir Vilhjálmur.



ENDURNÝTING

Efri hæðin var þröng og drungaleg en nú hefur sannarleg birt yfir. Ákveðið var að endurnýta viðinn sem rifinn var af gólfum og veggjum og sníða upp á nýtt. Hann er því upprunalegur, eða 107 ára gamall.

MYND/ERNIR

BRÚÐKAUPSGJAFIR

TILBOÐ



- mikið af frábærum tilboðum

Tékk
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



Útsalan
er hafin

Selena

Bláu húsin v/Faxafen

Sími 553 7355 • www.selena.is

MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFNA



*Sérstök
brúðkaupsgjöf*

KitchenAid
FOR THE WAY IT'S MADE



Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.



Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.
Gildir um KitchenAid hrærvélur



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



FÍNLEGA LÆÐAN FÉKK NAFNIÐ COCO CHANEL

ÞDALKISA Helga Bjarnadóttir, eigandi veitingahússins Geysis Bistro, hefur alla tíð verið mikið fyrir ketti. Nýjasti meðlimurinn á heimilinu fékk hvorki meira né minna en nafnið Coco Chanel.

KISA MEÐ FALLEGT NAFN
Helga með Coco Chanel sem ber nafnið vel.
MYND/VALLI

AU PAIR

Það er rifist um að passa kisurnar þegar Helga fer í burtu. „Það kemur alltaf kona heim og passar, ég er því með au pair fyrir kisurnar þegar á þarf að halda,“ segir hún.

Ástæðan fyrir nafngiftinni er sú að Helga hefur alltaf dáð hönnun Coco Chanel og lætur sig dreyma um að eignast alvöru Chanel-dragt. „Ég hef oft talað um hversu mikið mig langar í original Chanel-dragt og ekki er langt síðan ég horfði á bíómynd um tiskudrottninguna. Chanel er í miklu upphaldi hjá mér, bæði þessi gamli, fallegi klassíski fatnaður og töskurnar. Þegar Annabell, læðan á heimilinu, eignaðist kettlinga í maí var einn þeirra lítill og fínleg læða. Hún átti í upphafi erfitt með að opna annað augað og mér fannst hún strax svo krúttleg. Þá datt upp úr mér: „Ætli ég kalli þig ekki bara Coco Chanel.“

Annabell er hreinræktaður silfurpersi en Helga er ekki að rækta ketti heldur ákvað að leyfa læðunni að fara út á djammíð eitt kvöld, eins og hún orðar það, áður en hún yrði geld. „Mig langaði til að leyfa henni að eignast kettlinga en var ekkert að velta sérstaklega fyrir mér pabbanum,“ segir Helga og bætir við að kettlingarnir séu ein-

staklega fallegir. Einn af þremur forst reyndar af slysförum heima við en Helga hefur haldið hinum tveimur þótt ekki hafi það verið ætlunin í fyrstu.

Helga fékk Önnubell í jólagjöf 2010 en hún er ekki fyrsti kötturinn sem býr á heimilinu. „Ég fékk mér kött í fyrsta skipti árið 1981. Það var læða sem nefndist Tómasína sem varð 19 ára. Síðustu tvö árin var Tómasína blind og að endingu ákvað ég að lina þjáningar hennar og lét svæfa hana. Síðan fékk ég lítinn, svartan kettling sem ég kallaði Zorro. Ég hafði nefnt það við kunningjaskonu mína að ég myndi vilja fá kettling frá læðunni hennar sem var biksvört. Hún hringdi til mín fjórum mánuðum síðar og sagði að ég væri orðin amma.“

Zorro lét sér ekki nægja að búa hjá Helgu heldur gerði sig heimakominn í nærliggjandi húsi. „Hann eignaðist vin og ákvað síðan að flytja inn til hans. Ég ræddi við eiganda vinarins, nágrenniskonu mína, og það var ekkert því til fyrirstöðu að hún tæki Zorro að sér.“ ■ elin@365.is

PET HEAD™

Only for Cool Dogs!



Stigamesti hundur Íslands 2011 á sýningunni NRFI notar eingöngu nágræða feldvörur frá PET HEAD



PETHEAD.is

ÖÐRUVÍSI GÆLUDÝRA-VÖRUR

Pet Head vörurnar eru engu líkar.

■ **FLOTT FYRIR DÝRIN**
Árið 2008 var Pet Head línan sett af stað. Kyara Mascolo, stofnandi Bed Head bjó til línuna sem var sérstaklega gerð fyrir gæludýr. Kyara er gift Bruno Mascolo, sem stofnaði Tony & Guy, eitt vinsælasta hárvörumerki heimsins.

Það var ást Kyara á dýrum sem að gaf henni innblástur að vörum. Línan einkennist af skemmtilegum og öðruvísi vörum fyrir gæludýr, en hugmyndafræðin að baki Bed Head hárvörum er sú sama.

Pet Head fylgihlutalínan er er skemmtilega öðruvísi. Hægt er að fá handklæði, fótbað, bursta og fleira. Í dag er Pet Head eina fyrirtækið sem að er í eigu Mascolo hjónanna.



LASSÍ VAR TRYGGÐUR

Tryggingarfélag hérlendis selja gæludýratryggingar fyrir margar tegundir gæludýra.

Fyrsta gæludýratryggingin var seld í Svíþjóð árið 1890. Í dag eru flestar gæludýratryggingar seldar í Bretlandi og Svíþjóð en fyrsta gæludýratryggingin var seld í Bretlandi árið 1947. Árið 1982 var fyrsta gæludýratryggingin seld í Bandaríkjunum og var hundurinn og sjónvarpsstjarnan Lassí fyrsta tryggða gæludýrið þar í landi.

Íslensk tryggingafélög hófu sölu á gæludýratryggingum á fyrri hluta síðasta áratugar. Þær ná að öllu jöfnu til hesta, katta og hunda en sum tryggingafélög tryggja fleiri gæludýr. Það er misjafnt eftir tryggingafélögum hversu víðtækar tryggingar eru í boði. Þegar kemur að hundum og köttum er algengt að boðið sé upp á tryggingar gegn sjúkrakostnaði, ábyrgðartryggingu og líftryggingu. Fleiri tryggingar eru í boði hjá sumum tryggingafélögum. Tjón vegna hesta getur haft miklar fjárhagslegar afleiðingar enda eru hestar nýttir til dæmis sem reiðhestar, keppnishestar eða kynbótahross. Tryggingafélög bjóða því upp á mun fjölbreyttari tryggingar þegar kemur að hrossum.



TRYGGÐ VINÁTTA
Í dag bjóða öll tryggingafélög upp á gæludýratryggingar. Vátryggingarfjárhæð fer eftir tegund dýrs og lækkar yfirleitt eftir því sem dýrið eldist.



PET HEAD™

Only for Cool Dogs



Hágræða feldvörur fyrir gæludýr
PETHEAD.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAD sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473 | Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 | Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427

HLJÓÐKERFALEIGA

MIÐVIKUDAGUR 25. JÚLÍ 2012

Kynningarblað Vönduð og góð hljóðkerfi á helstu hátíðum landsins.



BJÖRK Á HRÓARSKELDU

BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR kom fram á lokatónleikum Hróarskelduhátíðarinnar í Danmörku 8. júlí sl. þar sem hún lék lög af nýjasta disk sínum, *Biophilia*. Tónleikarnir á Hróarskeldu eru hluti af tónleikaferð Bjarkar. Miklu skiptir fyrir góða tónlistarmenn að hljóð- og ljósakerfi séu af vönduðustu gerð. Björk hefur lagt mikinn metnað í vandaðan sviðsbúnað.

Unnið með fagurfræðina

Fjölbreytt verkefni einkenna störf hljóðmanna. Þeir starfa meðal annars í hljóðverum, fjölmiðlum og við stjórn ýmissa viðburða. Bakgrunnur margra þeirra er úr tónlistinni en nú sækja fleiri sér menntun á þessu sviði, bæði heima og erlendis.

Starf hljóðmanns er fjölbreytt og skemmtilegt. Þeir starfa meðal annars við upptökur í hljóðverum, í útvarpi og sjónvarpi og við uppsetningu og stjórn ýmissa viðburða, til dæmis tónleika og ráðstefna. Jóhann Rúnar Þorgeirsson hefur starfað sem hljóðmaður í tæplega tíu ár og er menntaður sem slíkur frá SAE Institute sem er alþjóðlegur skóli með útibú víða um heim. „Starfið er í raun mjög margþætt enda starfa hljóðmenn á ýmsum sviðum. Sjálfur finnst mér skemmtilegast að vinna á tónleikum. Þá sé ég til þess að rétt heyrir í öllum hljóðferum og hljóðnemum. Styrkleikinn þarf að vera réttur á öllum stöðum. Þetta er ákveðin fagurfræði sem hægt er að vinna misvel en sé vinnan vel unnin tekur hún verkid upp á annað stig.“ Í dag býður Stúdíó Sýrland upp á nám fyrir verðandi hljóðmenn í samstarfi við Tækniskólan. Jóhann segir námið vera mjög gott og gagnlegt fyrir þá sem hafa áhuga á faginu og vel samamburðarhæft við sambærilegt nám erlendis.



„Starfið er í raun mjög margþætt enda starfa hljóðmenn á ýmsum sviðum,“ segir Jóhann Rúnar Þorgeirsson hljóðmaður.

MYND/STEFAN

Jóhann segir hljóðmenn starfa víða og í raun á flestum þeim stöðum þar sem hljóð kemur við sögu. „Alls staðar þar sem þú heyrir hljóð, til dæmis í fjölmiðlum

og fjarskiptum, þar koma hljóðmenn við sögu eða sambærilegir sérfræðingar sem hafa sérhæft sig í hljóðfræði.“ Sjálfur hefur Jóhann starfað við sviðsstjórn á tónleikum,

við upptökur í hljóðveri og við uppsetningu á búnaði fyrir sjónvarpsútsendingar. „Starf hljóðmanns í upptökuverum er líka mjög fjölbreytt og snýr ekki bara að upptöku

tónlistar. Þar fer líka fram upptaka sjónvarpsefnis og talsetning auglýsinga. Svo er heill heimur af viðburðum sem hljóðmenn starfa við, til dæmis brúðkaup og ýmsar ráðstefnur.“

Í starfi sínu sem hljóðmaður hefur Jóhann kynnst mörgu skemmtilegu fólki og ferðast víða. Hann hefur til dæmis ferðast talsvert með íslenskum hljómsveitum erlendis og starfað sem hljóðmaður þeirra víða í Evrópu. „Ég hef ferðast með hljómsveitum eins og Mammút, Dikta og Agent Fresco. Þessar hljómsveitir hafa verið að spila á litlum stöðum og fjölmennum tónlistarhátíðum. Á þessum ferðalögum sér maður að kunnátta íslenskra hljóðmanna er almennt góð og þeir eru kröfuharðir þegar kemur að tækjabúnaði.“

Bakgrunnur margra íslenskra hljóðmanna er úr tónlistinni en sjálfur fór Jóhann öfuga leið. „Ég hafði aldrei spilaði í hljómsveit áður en núna er ég auðvitað kominn í hljómsveit. Það má segja að ég hafi byrjað að spila út frá tæknihliðinni ólíkt flestum kollegum mínum.“

Kominn með draumakerfið

Óli Valur Þrastarson rekur hljóðkerfaleiguna Ofur hljóð en hann er einnig þekktur sem plötusnúður undir nafninu Óli Ofur. Hann leggur ofuráherslu á hljómgæði og hefur valið hágæða breskt hljóðkerfi, Funktion One, með það fyrir augum.

Ég lá vakinn og sofinn yfir netinu í þrjú ár í leit að besta kerfinu og ákvað að lokum að fjárfesta í Funktion One auk þess sem ég fékk umboðið á Íslandi,“ segir Óli Valur Þrastarson, hljóðmaður á RÚV og eigandi hljóð- og ljósakerfaleigunnar Ofur hljóðkerfi.

„Ég ákvað að fara þá leið að setja hljóð í fyrsta sæti en ekki þætti eins og útlit, þyngd, rúmmál og hversu gott væri að flytja kerfið á milli staða og setja það upp. Það er því ansi stórt og þungt og svolítið ógnvekjandi en það hljómar ótrúlega vel, enda leyfa framleiðendurnir eðlisfræðinni að ráða för,“ segir Óli og útskýrir frekar: „Það er ekki verið að minnka hátalara og leiðréttu fyrir það eftir á heldur eru boxin hönnuð eins og þau þurfa að vera til að hljóma sem best.“

Hugsjónamenn að baki

Kerfið er að sögn Óla framleitt í Bretlandi af miklum hugsjónamönnum. „Þeir sáu um fyrstu Glastonbury-hátíðirnar og hönnuðu hljóðkerfi sem Pink Floyd túruðu með á áttunda áratugnum svo dæmi séu nefnd. Þeir eru því búnir að vera lengi í bransanum og kunna sitt fag. Þeir stofnuðu áður Turbosound sem Nýherji er nú með umboðið fyrir en misstu tókin á gæðaeftirlitinu eftir að hafa selt hluta fyrirtækisins frá sér. Þeir byrjuðu því upp á nýtt með Funktion One og settu hljómgæðin á oddinn.“

Vinsælt á Ibiza

Óli Valur hefur verið að bralla með hljóðkerfi síðastliðin tíu ár. „Þetta byrjaði allt þegar ég var



Kerfið er framleitt í Bretlandi af miklum hugsjónamönnum.

að stíga „mín fyrstu skref í plötusnúðingnum. Ég spilaði víða og var mikið um ómerkileg hljóðkerfi. Ég byrjaði að sanka að mér búnaði, fann fyrir eftirspurn og fór að fikra mig út á leigumarkaðinn. Upphaflega voru þetta ódýrar græjur en mér tókst að búa til peninga fyrir draumahljóðkerfinu.“ Óli Valur segir Funktion One kerfið mikið notað á stórum klúbbum víða um heim og er það til að mynda útbreitt á dansstöðum á Ibiza.

Fjölmörg verkefni

Hér heima hefur Óli Valur fengið við fjölmörg skemmtileg verkefni enda vita menn að hann starfar af ástríðu og metnaði. „Ég sá meðal annars um allt hljóð á AK Extreme, var með tjald og dagskrá á Bestu útihátíðinni, sá um stóru eftirpartíin á LungA, sá um Faktorý á Iceland Airwaves auk þess sem ég hef séð um tæknimál á flestum stærri danstónlistarviðburðum undanfarinna ára, meðal annars fyrir Party Zone, Techno.is, Breakbeat.is og fleiri. Að undanförunu hef ég verið að stækka hljóðkerfið og hafa bönd



Funktion One-kerfið á Bestu útihátíðinni.

eins og GusGus sýnt því mikinn áhuga. Þá hef ég sem umboðsaðili gert tilboð inn á þó nokkra skemmtistaði og fengið jákvæð viðbrögð.“

Óli Valur tekur að sér ýmis konar verkefni og leigir sömuleiðis ódýrari kerfi fyrir stórar sem smáar uppákomur. „Ég hef séð um ráðstefnur og útgáfutónleika, inni- og útihátíðir. Hann segir sóknarfærin liggja víða. „Ég væri til dæmis til í að heyra í menntaskólunum og vildi gjarnan þjónusta þá í kringum skólaböll og annað í þeim dúr.“ Á heimasíðunni www.ofur.is má sjá yfirlit yfir þau tæki sem Óli hefur á boðstólum og ýmsa tilboðspakka. Áhugasömum er bent á að hafa samband á ofur@ofur.is.



Óli Valur hugsaði sig vel um áður en hann valdi Funktion One-hljóðkerfið. Hljómgæði voru honum efst í huga við valið.

MYND/NERIN



Jón Skuggi, hljóðmaður hjá HljóðX, segir mikil þægindi fólgin í því að leigja hljóðkerfi í stað þess að fjárfesta í þeim.

MYND/ERNIR

Úrvals hljóðkerfi fyrir öll tilefni

HljóðX býr yfir nýjustu og bestu tækni á sviði hljóðkerfa. Fyrirtækið er umsvifamikill aðili í leigu hljóðkerfa auk þess að reka verslun með hljóðkerfi og tengda hluti. Undanfarin ár hefur HljóðX komið að uppsetningu hljóðkerfa fyrir stóra og smærri viðburði.

Fyrirtækið HljóðX hefur á nokkrum árum haslað sér völl sem eitt stærsta þjónustufyrirtæki landsins í ráðgjöf og lausnum á sviði hljóð- og ljósabúnaðar. Starfsmenn fyrirtækisins búa yfir áralangri reynslu í umsjón og tæknivinnslu hvers kyns hljóð- og ljósabúnaðar og sinna margvíslegum og oft flóknum þörfum viðskiptavina.

Jón Skuggi, hljóðmaður og verkefnastjóri hjá HljóðX, er einn reynslumesti hljóðmaður landsins enda búinn að starfa í faginu í tæplega 30 ár. Hann segir HljóðX sjá um uppsetningu hljóðkerfa í tengslum við stóra og smáa viðburði. „Við komum að uppsetningu tónleika, ráðstefna, vörusýninga og veisluhalda svo eitthvað sé nefnt.“ Jón segir mikil þægindi fólgin í því fyrir fyrirtæki og stofnanir að leigja hljóðkerfi frekar en að fjárfesta sjálf í þeim. „Leigjendur hljóðkerfa geta þannig gert miklar kröfur um góðan búnað. Fyrir þá sem nota hljóðkerfi sjaldan er mikill kostnaður fólgin í því að liggja með ónotað kerfi á lager. Slíkt fyrirkomulag hentar engum nema þeim sem eru með kerfið í stöðugri notkun.“ Auk leigu hljóðkerfa, ljósabúnaðar, skjávarpa og útisviða er HljóðX líka verslun sem sérhæfir sig í sölu á hljóðkerfum og tengdum hlutum.

Nýjasta tækni í boði

HljóðX leggur mikla áherslu á að vera með tæki frá bestu framleiðendum heims í hverjum vöruflokki

og fyrirtækið endurnýjar tækjabúnað sinn reglulega. „Við höfum fjárfest mikið í stafrænni tækni en hún hefur verið í hraðri þróun undanfarin ár og sparar mikinn tíma við uppsetningu hljóðkerfis og um leið vinnuafli. Mestallur búnaður okkar er innan við þriggja ára þannig að við erum stöðugt að fylgjast með og innleiða nýjungar.“

Stór fyrirtæki og sveitarfélög eru stærstu viðskiptavinir HljóðX en smærri fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar leigja líka hljóðkerfi fyrir ýmsa viðburði. „Stóru fyrirtækin leigja hljóðkerfi í tengslum við árhátíðir, ráðstefnur og ýmsar aðrar uppákomur. Sveitarfélögin nýta hljóðkerfin fyrir bæjarhátíðir sínar, hátíðarhöld í tengslum við 17. júní, jólatrésskemmtanir og ýmsa árvissa viðburði. Svo eru auðvitað tónleikahaldarar í viðskiptum hjá okkur þegar þeir flytja inn erlenda listamenn eða eru að skipuleggja tónleika fyrir innlendar hljómsveitir.“

Hentugar lausnir fyrir smærri aðila

Að sögn Jóns eru smærri aðilar líka stór hluti af viðskiptavinum fyrirtækisins. „Yfir sumartímann eru til dæmis mörg brúðkaup haldin þar sem margir leigja hljóðkerfi. Sumartímann fylgja líka garðveislur og svo er vinsælt að leigja hljóðkerfi í tengslum við stórafmæli og önnur einkasamkvæmi. Þetta er yfirleitt ekki flókin búnaður í þessum tilfellum, oft bara tveir hátalarar og einn hljóðnemi.“ Starfsmenn fyrirtækisins

sjá í flestum tilfellum um alla uppsetningu á búnaði auk þess að taka hann niður. Það er helst í tengslum við smæstu viðburðina sem leigjendur gera þetta sjálfir.

Leiga hljóðkerfa hefur aukist

Meðal viðburða sem HljóðX hefur komið nálægt undanfarið má nefna stórtónleika Of Monsters and Men í Hljómskálagarðinum fyrr í þessum mánuði sem var að mati Jóns mjög vel heppnað verkefni. „Við erum síðan búin að sjá um Ljósanótt í Reykjanesbæ undanfarin sex ár sem er mjög stórt verkefni. Einnig höfum við unnið að Gay Pride hátíðinni í nokkur ár ásamt hátíðarhöldum í tengslum við 17. júní og Menningarnótt í Reykjavík. Þessa dagana eru það tónleikar LungA á Seyðisfirði, stórt og mikið skátamót á Úlfliótsvatni, stórtónleikar með Siggú Beinteins í Háskólabíói og svona mætti lengi telja.“

Leiga hljóðkerfa hefur vaxið mikið undanfarin ár hérlendis. Bæjarhátíðum hefur fjölgað mikið undanfarin ár, ráðstefnum fjölgað og sífellt fleiri smærri aðilar og einstaklingar sjá hag sinn í leigu hljóðkerfa. „Við sjáum það að þó að stórir aðilar hafi bæst inn á markaðinn á síðasta ári hefur veltan hjá okkur aukist til muna á sama tíma. Við byggjum á persónulegri þjónustu og lausnum fyrir stór sem smá verk og þeir sem koma til okkar einu sinni vilja vinna með okkur áfram.“

Nánari upplýsingar má finna á www.hljodx.is.



HljóðX hefur komið að fjölda stórra og smárra verkefna undanfarin ár.

MYND/HljóðX



Það er alltaf nóg að gera hjá EB KERFUM á Selfossi en fyrirtækið fagnar 20 ára afmæli á árinu.



Sviðið á Kótelettunni í sumar. Hátíðin var á Selfossi.



EB KERFI hafa séð um tónleika Frostrósa.



Einar Björnsson hefur verið einn eigandi frá upphafi.

Á vaktinni í tuttugu ár

Einar Björnsson hjá **EB KERFUM** á Selfossi hefur komið nálægt flestum stærstu tónleikum og útihátíðum á Íslandi. Fyrirtækið heldur upp á 20 ára afmælið á þessu ári og er að setja upp fimmtánda Þjóðhátíðina í Eyjum.

EB Kerfi býður heildarlausnir fyrir stærri sem smærri hátíðir, tónleika og viðburði. Fyrir utan hljóð- og ljósakerfi útvegar fyrirtækið allt sem þarf hvort sem beðið er um í veislur eða aðrar uppákomur með heildarlausn í huga. Núna er Einar að leggja lokahönd á undirbúning fyrir Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum og Unglingalandsmót UMFÍ sem fram fer á Selfossi um Verslunarmannahelgina. „Ég leigi kerfi um allt land þótt fyrirtækið sé staðsett á Selfossi. Ég er til dæmis að setja upp fimmtánda Þjóðhátíðina í Eyjum,“ segir Einar en fyrirtæki

hans er eitt það elsta og þekktasta í þessum bransa á landinu.

„Við erum með hljóð- og ljósakerfi og svið af dýrustu og vönduðustu gerð. Ég hef veitt þjónustu fyrir smærri sem stærri veislur, hátíðir eða tónleika,“ segir Einar sem setti upp tónleika Deep Purple, White Snake, Frostrósa og margra fleiri stórstjarna í Laugardalshöll. „Flestir þessara stóru tónleika voru fyrir kreppu en ég á von á því að þróunin verði aftur í stærri og fjölmennari tónleika þegar meira jafnvægi kemst á þjóðfélagið.“

Einar hefur komið að þúsundum viðburða og tónleika undanfarin

20 ár þannig að reynslan er mikil og hann er stöðugt með puttann á púlsinum. Einar er eini eigandi fyrirtækisins en hefur her öndvegismanna í vinnu, eins og hann orðar það. „Ég legg áherslu á mikinn sveigjanleika við kunnann og er því á vaktinni allan sólarhringinn til að þjónusta hann í sínum fjölbreyttu og óútreiknalegu aðstöðum,“ segir hann.

Einar spilaði í hljómsveit á yngri árum sem kveikti áhuga hans á hljóð- og ljósakerfum. Eitt leiddi af öðru þannig að hann rekur einnig í dag skemmtistaðinn Hvítahúsið á Selfossi og útvarpsstöðina Suður-

land FM. „Við lifum og hrærumst í því að skemmta fólkinu á öllum vígstöðvum og erum upptekin af því,“ segir Einar en hann stóð meðal annars fyrir hátíðinni Kótelettan í sumar á Selfossi.

„Þrjár gámar af tækjum eru á leið á Þjóðhátíð í Eyjum og umsvifin eru sömuleiðis mjög mikil fyrir landsmótið þannig að hér er nóg að gera,“ greinir Einar frá en þess má geta að hann hefur verið með flotta kúnna og nefnir Björgvin Halldórsson, Skítamóral, Á móti sól, Land og syni, Írafár, Studmenn auk fjölda annarra síðustu tuttugu árin.

Einar var liðlega 17 ára þegar hann byrjaði með fyrirtækið en faðir hans, Björn Ingi Gíslason var um tíma í hljómsveitinni Mánum og bróðir hans, Kjartan Björnsson rakari á Selfossi, hefur verið öflugur í því að rækta menningarlífið á Suðurlandi. *Hægt er að ná í Einar í síma 480 0100 og netfangið enar@ebkerfi.is.*



HLJÓÐKERFI Í BÍLUM SKIPTIR MIKLU MÁLI

Að hafa gott hljóðkerfi í bílnum skiptir miklu máli. Flestir nýir bílar eru með hágæðahljóðkerfi sem eru með góðum bassa og nóg af hátölurum.

Eldri bílar bjóða ekki upp á sömu gæði þegar kemur að hljómgæðum. Margir skipta um hátalara og láta setja bassabox í gömlu bílana en það kostar þó nokkuð.

Audi A8-bíllinn býður upp á fullkomnasta bílahljóðkerfi heims en það er danska rafeindafyrirtækið Bang & Olufsen sem framleiðir hátalarana í þann bíl. Hljóðkerfið lagar sig að ökuhraða, vindgnaði og dekkjahvini. Í hjarta kerfisins er rúmlega 1.000 vatta magnari sem sendir hljómlist í 14 hátalara sem hver um sig er knúinn sérstökum magnara, þannig er miðlað fyrsta flokks hljóði í hvert einasta sæti bílsins. Hummer-jeppinn er einnig gæddur hágæða hljóðkerfi frá Bose. Hummerinn getur verið hávær og getur farið á ótrúlegustu staði og þá er mikilvægt að vera með kraftmikið og stöðugt hljóðkerfi sem að nær að yfirgnæfa óhljóðin sem að koma utan frá.



Hljómsveitin Led Zeppelin lék á Listahátíð í Reykjavík sumarið 1970 sem mörgum er ógleymanleg upplifun.



Löng biðröð myndaðist áður en miðasala á Led Zeppelin tónleikana var opnuð.

Með bómull í eyrunum á Led Zeppelin tónleikum

Þegar hljómsveitin **Led Zeppelin** kom á fyrstu Listahátíð í Reykjavík sumarið 1970 var mikið rætt að hún notaði eitt sterkasta magnarakerfi heims.

Ífrétt sem birtist í Vísi er rætt um að kerfið sé eitt örfárna í heiminum sem er heil 2.000 vött. Þá voru magnarakerfi íslensku hljómsveitanna 100-200 vött. Greinilegt var að miklar áhyggjur spunnust vegna þessa yfirvofandi hávaða sem myndi koma frá hljómsveitinni. Rætt var við talmeina- og heyrnar-sérfræðing sem lagði til að unga fólkið tæki með sér bómullarhnoðra til að stinga í eyrun til að verja heyrn sína á tónleikumunum.

Eftir tónleikana var sagt frá því í Vísi að hljómsveitin hefði lagt talsvert upp úr því að nota öll tvö þúsund vöttin með alls kyns „effektum“. „Þeir félagar sýndu óneitanlega mikil tilprif með leik sínum. Hver þeirra um

sig tók sérstakt sólónúmer. Jimmy Page þandi gítar sinn með fiðluboga aldeilis forkostulega og lék auk þess hugljúfa melódíu á kassagítar. Trommuleikarinn John Paul Jones tók æðisgengið trommusóló, sem stóð í kortér minnst.“

Benedikt Viggósson blaðamaður skrifaði um tónleikana í Vísi og sagði trommusólóid hafa verið stórfenglegt á að hlýða „og allforvitnilegt var að heyra þau furðuhljóð sem Jimmy Page náði fram er hann brá fiðluboga á strengi gítarsins. Þá var söngur og sviðsframkoma Roberts Plant upplifun sem ég hefði ekki fyrir nokkurn mun viljað missa af.“

Stefán Halldórsson skrifaði í Morgunblaðið:

„Hávaðinn var ekki eins mikill og menn höfðu óttast. Fremst í salnum, uppi við sviðið, var að vísu nokkur hávaði, en alls ekki óþolandi. En eftir því sem aftur dró í salnum lækkaði hljóðstyrkurinn, og var hann bara tiltölulega þægilegur aftast í salnum. Magnarakerfi Led Zeppelin var um 1.700 vött að styrkleika, þar af var söngkerfið 900 vött, en þrátt fyrir allan þennan styrkleika fór hávaðinn aldrei upp í óþægilegan styrk. Hljómsveitin Led Zeppelin hefur nefnilega hljóðstyrkinn aldrei meiri en nauðsynlegt reynist. Einn af aðstoðarmönnum hljómsveitarinnar er sérhæfur í hljóðstjórninni, situr við tvö hljóðstilliborð og stjórnar styrkleika hvers einstaks hljóðfæris.“



Fyrir hundinn þinn



Meistararnir okkar vilja Pedigree

Við höfum áratuga reynslu af ræktun og þjálfun hunda. Við höfum prófað ýmsa valkosti í fóðrun og niðurstaða okkar er einfaldlega sú að Pedigree sé besti kosturinn. Við treystum Pedigree fyrir hundunum okkar.

Björn Ólafsson – BIPDT*, hundaræktandi
Lára Björk Birgisdóttir – búfræðingur og hundaræktandi

*British Institute of Professional Dog Trainers

Junior growth & protection 2-12 mánaða



Litli hvolpurinn þinn vex mjög hratt. Þess vegna hefur hann þörf fyrir fóður með sérstökum næringarefnum sem gefa honum orku og góða undirstöðu.



Styrkir þróun liða: Ákjósanlegt magn kalsíums og fosfórs leiðir til þess að liðir hvolpsins verða sterkir og liðugir.



Heilbrigð húð og glansandi feldur: Rétt blanda af Omega 3 og 6 fitusýrum gagnast hundinum þannig að hann hafi það gott og líti vel út.



Styrkir náttúrulegar varnir: Vítamín E, andoxunarefni og valin steinefni stuðla að verndun náttúrulegra mótefna hvolpsins.



Þroski heila og sjónar: Fiskiólía, náttúruleg og nauðsynleg fitusýra (DHA), hjálpar heila og augum hvolpsins að þroskast eðlilega.



Vöðvauppbygging: Úrvalskjötprótín stuðla að vöðvavexti hvolpsins.



Þróað af dýralæknum



Engin tilbúin bragðefni



Enginn viðbættur sykur



BÍLAR & FARATÆKI

bifreiðasalan



NISSAN TERRANO SPORT 8-2004 EK. 115P. 5GÍRA 7MANNA DÍSEL V-1690 RAÐNÚMÉR.250212.



AUDI A6 QUATTRO TDI 2001 EK.151P MED ÖLLU, V-1590 ATH SKIPTI RAÐNÚMÉR. 250141.



FORD FOCUS C-MAX 5-2007 EK.102P 100% LÁN V-1190P RAÐNÚMÉR.250205.

Bifreiðasalan
Stórhöfði 15, 110 Rvk
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is



Nissan Qashqai SE 5/2011, ek.33þús. Fjór hjóladríf. Sjálfskiptur. Ásett verð 4.390.000.-



Toyota Yaris T-Sport 8/2007 ek.70þús. Lyklalaust aðgengi, Mjög fallegur bíll. Ásett verð 1.890.000.-

Honda Insight 1.4 5 Hybrid 6/2011, ek.1þús. Eyðsla um 4.4L. Ásett verð 3.990.000.-



Yamaha WR 450 3/2007 ek.1þús. Gullmoli, Ókeyrt hjól. Ásett verð 980.000.-



A-Liner Sofa Bed DL 6/2007. Sólarsetla, fortjald, aukagaskútur,grjótgrind,mjög fallegt hús. Auðvelt í uppsetningu. Ásett verð 2.100.000.-



Toyota Yaris T-Sport 8/2007 ek.70þús. Lyklalaust aðgengi, Mjög fallegur bíll. Ásett verð 1.890.000.-



Bilahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
Mikið úrval bíla með
möguleika á allt að 90% láni.
www.bilahollin.is



Hyundai i30 diesel 6/2011 ekinn 37 þús km 5 dyra 5 gíra bíll sem lítur út sem nýr verð 2780 ekkert áhvilandi möguleiki á allt að 75% láni 6914441

Bilabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is



MAZDA 3. Ángerð 2006, ekinn aðeins 56.þ km, sjálfskiptur, er á staðnum. Verð 1.890.000. Rnr.125503. Sími:562-1717.



DÍSEL - 7 MANNA
KIA CARNIVAL CLASSIC Ángerð 2007, ekinn aðeins 72.þ km,sjálfskiptur, er á staðnum. Verð 3.470.000. Rnr.125549. Sími:562-1717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18
www.bilalif.is



TILBOÐ !
Honda Accord Elegance 2.0 árg. 2009 ek. aðeins 38 þ.km sjálfskiptur ofl verð 3.4 mil., nú á tilboði 2950 !!!



DIESEL !
Landrover Discovery LR3 Diesel 03/2007 ek. 212 þ.km 7 manna Leður, góð þjónustubók, topp viðhald, allt langkeyrsla verð 4.4 mil.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is



Nýr GMC Sierra 3500 Denali 4x4, Diesel, Mjög vel útbúinn bíll, Eigum hús og bedslider á pallinn, 2 ára ábyrgð, Verð aðeins 11.690þús m/VSK, Er í salnum hjá okkur, komdu og skoðuðu, Sérpöntum allar gerðir bíla.

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opið virka daga 10-18.00
http://www.isband.is



Rafmagnsreiðhjólín vinsælu eru til hjá okkur. Vel búin og flott hjól með álstelli, diskabremsum,brettum, hraðamæli, ljósum og fl. Komdu við í Skeifunni 17 og skoðuðu úrvalið.

Suzuki Umboðið ehf
Skeifan 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
http://www.suzuki.is

ÍSABAND.IS

ÍSLENSK BANDARÍSKA EHF. BÍLAINNFLUTNINGUR

Pverholt 6 - 270 Mosfellsbæ - Sími 534 4433 - Fax 534 4430 - is-band@isband.is - www.isband.is

TILBOÐ Á SÍÐUSTU NÝJU COLEMAN FELLIHÝSUM!

Nú er tækifæri að stökkva á nýtt Coleman fellihýsi á einstöku tilboði



Sedona

Verð áður með aukahlutum: 2.289.800 kr
Tilboðsverð: 1.789.800 kr
Útborgun: 448.000 kr
Afborgun: 23.000 kr. á mánuði í 84 mán. óverðtryggt

Cheyenne

Verð áður með aukahlutum: 2.789.800 kr
Tilboðsverð: 2.389.800 kr
Útborgun: 598.000 kr
Afborgun: 30.000 kr. á mánuði í 84 mán. óverðtryggt



Coleman fellihýsin eru mjög vel útbúin með 2 ára ábyrgð - rafgeymir - Truma miðstöð - 220V rafmagn - ísskápur - eldavél omfl - Eftirráshús fyrir Evrópu markað - innifalið í verð er Markíska og Decor pakki með 2 hillur með spegli og eldhúsrúlluhengi, fatapoki og 2 ljós með víftu - Cheyenne er einnig með geymslukassa að framan og hægt að fá það með heitu vatni fyrir 120 þús.kr

75% fjármögnun í allt að 7 ár. Tökum gamla vagninn upp í nýjan.

Veldu fyrsta flokks fellihýsi - Coleman er þekkt fyrir frábær gæði!

Glæsilegur sýningarsalur - komdu og skoðuðu!

Sérstaða Coleman fellihýsanna er:

Coleman hefur einstakan öndunardúk í öllu húsinu sem bindur ekki inni hita og raka

Coleman hefur upplýftibúnað sem er úr ryðfríu stáli sem ekki þarf að hylja, vernda eða setja stoðstöng við

Gæði **Coleman** fellihýsanna endurspeglast í langri endingu sem hefur gert Coleman fellihýsin einstök í endursölu

Stokkhólmsheilkennið og Ingólfstorg

Skipulagsmál
Snorri F. Hilmarsson
 formaður
 Torfusamtakanna



Þann 29. júní voru niðurstöður í samkeppni Reykjavíkurborgar og lóðareiganda um uppbyggingu við Ingólfstorg birtar almenningi. Margir hafa orðið til að lýsa yfir ánægju með þessi vinnubrögð, að efna til opinnar samkeppni um bestu mögulegu niðurstöðu. Ekki skortir góðar hugmyndir og tækifæri sem borgin býður upp á. En var sá vandi sem samkeppninni var ætlað að takast á við rétt skilgreindur? Niðurstaðan hlýtur að skoðast í því ljósi.

Vandinn sem blasir við skipulagi kringum Ingólfstorg virðist fremur lögfræðilegur en skipulagslegur. Úrlausnarvandinn í skipulagi Reykjavíkur og þá miðborgarinnar er einkum gamalt og löngu úrelt niðurrifsskipulag sem felur í sér allt of mikið byggingarmagn og er löngu dottið úr takti við þróun borgarinnar. Það er þetta byggingarmagn sem eyðileggur þessa samkeppni eins og aðrar á undan henni. Borgin þorir hins vegar ekki að takast á við þennan undirliggjandi vanda af ötta við að þurfa að borga himinháar skaðabætur. Þannig er miðborgin eða skipulag hennar í gíslingu þessarar skaðabóta-hótunar. Það verður ekki betur séð en að allt þetta fum í kringum Ingólfstorg á undanförunum árum beri keim af þessu. Lóðarhafi sem sækir stíft sitt, heldur samkeppni með borginni um leið og hann hefur á henni kverkatak. Allt ber þetta vandræðamál merki um Stokkhólmsheilkennið, þ.e.a.s. þegar þeir, sem haldið er í gíslingu, fyllast svo mikilli samúð með þeim sem krefjast lausnargjalds fyrir þá að þeir missa sjónar á réttu og röngu og vilja jafnvel fórna sér fyrir málstað kvalara síns.

Þótt vissulega megi bæta Ingólfstorg hefur það unnið sér sess sem skjólsælt almenningstorg með ýmsa ágæta möguleika til samkomuhalds. Á þrjá vegu státar torgið af fallegri húsaröð timburhúsa sem vel hæfa sögustaðnum Reykjavík. Vinningstillagan breytir stórum hluta torgsins í byggingarlóð svo þetta samhengi hverfur að stærstum hluta úr bæjarmyndinni inn í þröngt sund. Vinningstillagan gerir með þessu lítið úr viðkvæmri sögulegri ásýnd Reykjavíkur. Við Kirkjustræti eiga svo að rísa hús sem munu skera á tengsl Austurvallar og Víkurkirkjugarðs. Húsaröðin við Kirkjustræti mun nánast hverfa frá Austurvelli séð. Við getum vissulega þakkað fyrir að gömlu húsin skuli ekki rifin. En er þetta ekki eins og menn hefðu á sínum tíma þjargað Torfunni með því að leyfa henni að standa en byggt fjögurra hæða stjórnsýsluhús í garðinum fyrir framan hana? Væri það góð Lækjargata? Það er ekkert stórkostlega mikið að umræddum samkeppnisreit annað en ofvaxin hús Landsímans og Miðbæjarmarkaðarins. Það er ekkert sem kallar á að stækka þessar stærstu byggingar miðborgarinnar svo þær geti orðið risahótel. Í þeim er þegar gott pláss fyrir stórt hótél án þess að bæta nokkru við.

Þjónar tillagan menningu Reykjavíkur? Gömlu húsin og þær fornleifar sem þarna finnast geyma mikilvæg verðmæti fyrir komandi kynslóðir. Slíkt samhengi er ekki að finna á öðrum stöðum í borginni. Enginn annar reitur í borginni státar af elsta kirkjugarði Reykjavíkur innan sinna marka, byggingarlóðum frá tímum Innréttinganna og götumyndum húsa við fjórar af elstu götum borgarinnar, svo fáein atriði séu nefnd. Auk þess liggur hann að Austurvelli, höfuðtorgi þjóðarinnar, og öðru nýrra torgi, Ingólfstorgi, sem er að festast í sessi sem verðugur endapunktur megináss miðborgarinnar sem Laugavegur og Austurstræti mynda.

Ef allt væri með felldu hefði meginmarkmið samkeppninnar verið að draga fram og styrkja hins sögulegu sérkenni sem einstæð eru fyrir þennan reit og nánasta umhverfi hans. Þar er að finna raunverulegt sögulegt samhengi sem ekki verður búið til á öðrum stað. Gistihús er hægt að byggja á ótal reitum um alla borg en það er aðeins ein gata sem markar upphaf byggðar í Reykjavík. Er það heppileg stefna í menningartengdri ferðaþjónustu að fórna því sem ferðamenn koma til að skoða til þess að þeir fái stað til að sofa?

Samkeppnin opinberar þann vanda sem úrelt og að því er virðist óafturkræft byggingarmagn

og sameiginlegra gilda sem er lýsandi fyrir upplegg samkeppninnar. Umræddum reglum þarf að



Hér er hjarta borgarinnar og borgin á það skilið að fulltrúar hennar skili betra verki til handa öllum íbúum Reykjavíkur.

í gömlu skipulagi veldur. Samkeppnin streðar við að gera gott úr bákinnu en tekst ekki. Vinningstillagan þéttir byggð á kostnað almennarýmis, almannahagsmuna

breyta en þar stendur ekki bara upp á borgina heldur Alþingi líka. Það er víða svo í nágrannalöndum okkar að þegar skipulag nær vissum aldri fellur það með öllu úr

gildi. Því fylgir enginn meiri eignarréttur en tækifæri til að byggja á meðan það gildir. Í Kaupmannahöfn er þessi gluggi opinn í fimm ár í einu. Hér falla byggingarleyfi úr gildi að tveimur árum liðnum. Því skildi byggingarmagnið eitt vera eilíft?

Hér er hjarta borgarinnar og borgin á það skilið að fulltrúar hennar skili betra verki til handa öllum íbúum Reykjavíkur, ekki bara lóðarhafanum. Hefði samkeppnin í alvöru snúist um það hvernig Reykjavík gæti orðið betri borg hefði niðurstaðan aldrei orðið þessi.



FUNHEITAR EÐA SVALAR *í grillveisluna*

Pykkvabæjar
 forsoðnar grillkartöflur
 kartöflusalat
 hrásalat

Einfalt og gott!



Pykkvabæjar

SJÁÐU MYNDINA SEM ER AÐ SLÁ ÖLL AÐSÓKNARMET!

græna
ljósið
-betra bíó



„Bætir, hressir og kætir.“

- Haukur Viðar Alfreðsson, Fréttablaðið



„Heillandi leikur og falleg saga.“

- Helgi Snær Sigurðsson, Morgunblaðið

35
ÞÚSUND
GESTIR!


BYGGÐ Á SANNRI SÖGU

François Cluzet Omar Sy
Intouchables

Kvikmynd eftir Olivier Nakache og Eric Toledano

SÝND ÁFRAM VEGNA FJÖLDA ÁSKORANNA Í HÁSKÓLABÍÓI, LAUGARÁSBÍÓI OG BORGARBÍÓI

krossgáta



LÁRÉTT

2. bauti, 6. kusk, 8. mjöl, 9. bókstafur, 11. aðgæta, 12. orðtak, 14. urga, 16. pípa, 17. bókstafur, 18. fát, 20. tveir eins, 21. handa.

LÓÐRÉTT

1. munnvatn, 3. kringum, 4. gróðahygga, 5. hamfletta, 7. ljótur, 10. viðmót, 13. gerast, 15. sál, 16. þjálf, 19. tveir eins.

LAUSN

andl, 16. æfa, 19. mm.
5. flá, 7. öfrður, 10. fas, 13. ske, 15. fégind.
LÓÐRÉTT: 1. síef, 3. um, 4. fégind.
enn, 18. fúm, 20. dd, 21. arma.
LÁRÉTT: 2. buff, 6. ló, 8. mál, 9. eff, 11. gá, 12. frasl, 14. ískra, 16. að, 17.

Hið landlæga stefnuleysi

BAKPANKAR
Kolbeins
Óttarssonar
Proppé

Við Íslendingar erum skorpupjóð. Já, þetta er klisja og jafn fúl og aðrar slíkar, en það þarf ekki að þýða að hún sé ekki sönn. Þessi fullyrðing gerir líka ráð fyrir því að hægt sé að fullyrða um þjóðar-eðli, sem er hæpið og byggir aftur á því að hægt sé að fullyrða um að þjóð sé til, sem er einnig hæpið. En hér erum við komin út í póstmóðernísk fræði sem gætu leitt okkur í karp um hugtök, sem er hið besta mál en skilar kannski ekki endilega miklu. Það getur verið kostur að geta einhent sér í verkin, að láta ekki fyrirframgefið skipulag niðurnjörva allt og geta brugðist við breyttum aðstæðum hratt. Það er hins vegar galli hve víða alla stefnu skortir í íslensku samfélagi.



TREKK í trekk kemur í ljós að heildstæða stefnumörkun – lifi stofnanamálið – vantar í hverjum málaflökknum á fætur öðrum.

Hver er í raun stefna stjórnvalda um að virkja eða vernda? Hún er í nefnd. Hver er stefna stjórnvalda varðandi hælisleitendur? Hún er í starfshópi. Hver er stefnan varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu, skipulag lög-gæslumála, rekstrarumhverfi fiskeldis, jarðarkaup útlendinga? Svo eitthvað sé tínt til.

ÍSLENSK stjórnhyggja einkennist af því að bregðast við aðstæðum, óskum, um-sóknum. Við erum dálítið eins og fjöl-skylda sem kaupir ekkert í búinu nema það sé á tilboði, rýkur úr einni búð í aðra og gerir góð kaup og situr uppi með tólf manna borðstofuborð án stóla, 20 kílóa kornflexpakka og ógrynna af bleyjum, þar sem þetta var á svo góðu verði.

ÓREIÐAN getur verið undursamleg og fátt er leiðinlegra en stíf reglufesta. Fyrir eitt stykki samfélag er hins vegar betra að meginlínurnar liggi nokkuð ljóst fyrir. Það þarf þá enginn að velkjast í vafa um í hvaða höfuðátt er fetað, þó sveigjur geti komið á leiðina.

HVER er til dæmis þörfin fyrir hótél í mið-bænum og hvert er fyrirhugað framboð á hótélrymum? Fá sumir útlendingar öðru-vísi meðferð en aðrir við landakaup? Er í lagi að veiða umfram ráðgjöf af fisktegund til að skapa sér betri samningsstöðu? Getum við sett okkur stefnu um hvar eigi að virkja og hvar vernda, eða ætlum við að rífast áfram um hvert og eitt svæði?

SENN líður að Alþingiskosningum og brátt fer áróður stjórnvaldaklukkanna að dynja á okkur. Mikið væri gaman ef hann fæli í sér skýra framtíðarsýn og stefnu, en ekki glepandi gylliboð með afsláttarmiðum.

myndasögur

Pondus



Eftir Frode Øverli



Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Á FERÐINI UM LANDIÐ

SÖNGHÓPURINN GÓMAR

FLÖMSVETTIN SILTUR

SÍLDARGENGB

VIÐ VERÐUM Á SIGLUFIRÐI UM HELGINA SÍLDARDAGAR

ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMA GUNN OG SVANSÍ

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Þau senda út frá Kaffi Rauðku.

Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.

BYLGJULESTIN verður á ferð og flugi út um allt land í sumar. Hlökkum til að sjá ykkur!

BYLGJULESTIN Í SUMAR

9. JÚNÍ	Selfoss
16. JÚNÍ	Hafnarfjörður
23. JÚNÍ	Hveragerði
30. JÚNÍ	Bolungarvík
7. JÚLÍ	Vestmannaeyjar
14. JÚLÍ	Flúðir
21. JÚLÍ	Blönduós
28. JÚLÍ	Siglufjörður og Fáskrúðsfjörður
11. ÁGÚST	Dalvík
18. ÁGÚST	Reykjavík

ÚTSALAN

HEFST Í DAG KL. 9:00



40%
afsláttur
af öllum útsöluvörum

DKNY | BY MALENE BIRGER | GERARD DAREL | BRUUNS BAZAAR | KRISTENSEN DU NORD | FRENCH CONNECTION | VENT COUVERT
BROGDEN | UGG | BILLI BI | STRATEGIA | FREE LANCE | HUNTER | IMPERIAL | COMME des GARÇONS



eva

SMÁRABÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**

CHRISTIAN BALE MICHAEL CAINE GARY OLDMAN ANNE HATHAWAY
THE DARK KNIGHT RISES

LÚXUS 10

ted **ÍSÖLD 4** **SPIDER-MAN** **INTOUCHABLES**

32.000 MANNS!

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%	HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS 5%
DARK KNIGHT RISES KL. 4.30 - 5.30 - 8 - 9 - 11.30	ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL KL. 5.50
DARK KNIGHT RISES LÚXUS KL. 4.30 - 8 - 11.30 10	TED KL. 8
ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL KL. 3.20 - 5.50	SPIDER-MAN 3D KL. 6 - 9
ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL KL. 3.20	INTOUCHABLES KL. 5.30 - 6.30 - 8 - 9 - 10.30
TED KL. 8 - 10.20	WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING KL. 10.25
SPIDER-MAN 3D KL. 5 - 8 - 10.50	BORGARBIÓ NÁNAR Á MIÐLIS
	ÍSÖLD 3D KL. 5.50
	TED KL. 8 - 10.10
	SPIDERMAN 3D KL. 10.10
	INTOUCHABLES KL. 5.50 - 8

HLUTI AF HVERJUM SELDUM BÍOMÍÐA ALLAN JÚLÍ - rennur til Barnaheilla

mid.is Miðasala og nánari upplýsingar **LAUGARÁS BÍÓ** www.laugarasbio.is - bara lúxus sími 553 2075

POWERSÝNING KL. 11.10

THE DARK KNIGHT RISES **ted** **INTOUCHABLES**

25.000 MANNS!

ÍSÖLD 4 **LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

THE DARK KNIGHT RISES	4, 8, 11.10(P)
TED	5.50, 10.15
INTOUCHABLES - ISL TEXTI	4, 8, 10.20
ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFHOPPP 3D	4

SAMBIÓN SAMbio.is

CHRISTIAN BALE MICHAEL CAINE GARY OLDMAN ANNE HATHAWAY TOM HARDY MARION COTILLARD JOSEPH GORDON-LEVITT MORGAN FREEMAN

STÆRSTA MYND ÁRSINS

EMPIRE **KVIKMYNDIR.IS**

TRYGGDU ÞÉR MIÐA Á **SAMBIÓN**

SEÐ OG HEYRT **HOLLYWOOD REPORTER**

THE DARK KNIGHT RISES

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
THE DARK KNIGHT RISES kl. 1 - 2 - 4:30 - 5:30 - 6 - 8 - 9 - 10 - 10:20 - 11:20 2D	DARK KNIGHT RISES kl. 1 - 2 - 4 - 5 - 6 - 7 - 8 - 9 - 10 - 11 2D
DARK KNIGHT RISES VIP kl. 1 - 4:30 - 8 - 11:20 2D	TED kl. 3:20 - 5:40 - 10:30 2D
MAGIC MIKE kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 2D	MAGIC MIKE kl. 8 2D
DREAMHOUSE kl. 8 2D	ÍSÖLD 4 kl. Tall 3D
MADAGASCAR 3 kl. Tall kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 2D	MADAGASCAR 3 kl. Tall kl. 1 - 3 2D
MADAGASCAR 3 kl. Tall kl. 1:30 - 3:40 3D	KRINGLUNNI
UNDRALAND IBBA kl. Tall kl. 1:30 2D	DARK KNIGHT RISES kl. 5:30 - 6 - 9 - 10 2D
AKUREYRI	MAGIC MIKE kl. 8 - 10:20 2D
DARK KNIGHT RISES kl. 4:30 - 8 - 11:20 2D	MADAGASCAR 3 kl. Tall kl. 5:50 3D
LOL kl. 6 2D	KEFLAVÍK
DREAM HOUSE kl. 8 - 10:20 2D	DARK KNIGHT RISES kl. 7 - 10:20 2D
SELFOSSI	DREAMHOUSE kl. 8 - 10 2D
THE DARK KNIGHT RISES kl. 8 - 11:15 2D	
DREAMHOUSE kl. 8 - 10:10 2D	



VEISLA FYRIR AUGAÐ Það er einkar vel staðið að sjónrænum þáttum myndarinnar og samspil kvikmyndatöku, leikmyndar og tæknibrellna er óaðfínanlegt.

HVÍ SVO ALVARLEGUR?

Bíó ★★★★★

The Dark Knight Rises

Leikstjórn: Christopher Nolan

Leikarar: Christian Bale, Anne Hathaway, Tom Hardy, Michael Caine, Gary Oldman, Marion Cotillard, Joseph Gordon-Levitt, Morgan Freeman

Þriðju og síðustu myndar leikstjórans Christopher Nolan um Leðurblökumanninn hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Batman Begins var ágætis upphafspunktur á þríleiknum og framhaldið, The Dark Knight, þótti sérlega vel heppnað og gerði allt bandvitlaust. Í þessum íburðar-mikla lokakafli berst Blakan við harðsvíraðan hrotta að nafni Bane sem heldur Gotham-borg í gíslingu með atómbombu, en minnsta óhlýóni borgarþúfa er sögð nægja til að hann gangsetji sprengjuna.

Það er einkar vel staðið að sjónrænum þáttum myndarinnar og

samspil kvikmyndatöku, leikmyndar og tæknibrellna er óaðfínanlegt. Þá er leikhópurinn í góðum gir og illmennið Bane er óhuggulegt en um leið aðlaðandi. Christian Bale er frábær sem Bruce Wayne en ég hef alltaf átt erfiðara með að setta mig við hann í Blökubúningnum. Anne Hathaway reynir ekki einu sinni að feta í fótspor Michelle Pfeiffer og tekur allt annan vinkel á Kattarkonuna en við erum vön, ákvörðun sem var sú besta í stöðunni og hlutverkið fer henni vel.

Nolan hefur hins vegar engan húnur fyrir Leðurblökumanninum sínum og þrúgandi alvarleikinn sem hefur farið stigvaxandi með hverri myndinni nær hápunkt á hér. Manni koma til hugar orð sjálf Jókensins í seinustu mynd, „Why so serious?“, rétt áður en hann sker í sundur andlitið á einum andstæðinga sinna, en leikstjórnin eyðir hér tæpum þremur klukkutímum í að reyna að sannfæra okkur um að skikkjuklæddur maður með leðurblökueyru sem berst við glæpi sé ekkert til að gant-

ast með. Vissulega er engin ein rétt leið til gera þessari sígildu teiknimyndasöguhetju skil á hvíta tjaldinu og það er alveg klárt að Christopher Nolan er mikill listamaður. Hann sýndi okkur það líka í The Dark Knight að ofurhetjumyndir fyrir fullorðna er alls ekki svo fráleit hugmynd. En þyngslin og voðalegheitin í The Dark Knight Rises eru svo yfirgengileg frá upphafi til enda að dramatískur slagkraftur atriða sem raunverulegu máli skipta verður minni fyrir vikið.

Mig langar þó að þakka Nolan fyrir metnaðarfulla seríu og þá sérstaklega fyrir miðjumyndina. Honum hefur svo sannarlega tekist að leiðrétta mistök forvera síns, leikstjórans Joel Schumacher, sem breytti uppáhalds ofurhetjunni minni í súrrealískt BDSM-sirkusatriði og lét sauma á hana leðurgeirvörtur.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Helst til þunglamegur lokakafli en mikil veisla fyrir augað.

Geir með trommara Simpsons

„Ég er með hluta af bestu hljómlistarmönnum Íslands, Don Randi, fyrrum píanóleikara Frank Sinatra, og einum besta trommuleikara heims sem heitir Bernie Dresel,“ segir Geir Ólafsson sem var við upptökur í Stúdíói Sýrlandi fyrir væntanlega hljómplötu sína í síðustu viku ásamt einvalaliði tónlistarmanna og Þóri Baldurssyni, sem stýrði upptökunum.

„Bernie hefur spilað inn á Simpsons og Family Guy þættina og er mjög eftirsóknarverður. Það var mikið tækifæri að fá að vinna með honum,“ segir hann ánægður með samstarfið og bætir við: „Þetta er risaskref fyrir mig en afskaplega lítið fyrir mannkynd.“

Geir Ólafsson gerði samning við fyrirtæki Don Randi um útgáfu plötunnar fyrir tveimur árum og er hún væntanleg á haustmánuðum. „Þetta eru hlutir sem hafa verið í bígerð síðustu árin en ég hef auðvitað haldið yfir þrjátíu tónleika í Hollywood og þetta hefur vaxið með hverjum tónleikum fyrir sig,“ segir hann.

Titillag plötunnar er endurútsætning á laginu I'm Talking About You eftir Jóhann G. Jóhannsson og hafa þeir aðilar sem standa að baki plötunni mikla trú á útsætningunni. „Þeir hrifust strax af því og ætla að nota það sem kynningarlag fyrir plötuna,“ segir Geir spennur.

Platan inniheldur fjórtán endurútsætningar. Þar



HOLLYWOOD Bernie Dresel, Don Randi, Geir Ólafsson og Þóri Baldursson áttu góðar stundir í Stúdíói Sýrlandi á mánudag og þriðjudag í síðustu viku við upptökur á plötu sem framleidd er vestanhafs.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

á meðal eru Beat it með Michael Jackson og Late in the Evening með Paul Simon.

Geir var boðið að taka löginn upp vestanhafs en vildi að íslenskir tónlistarmenn yrðu hluti af verkefninu. „Þegar maður fær svona tækifæri finnst mér það vera skylda mín að taka upp heima því ég hef mikla trú á hljóðfæraleikurunum okkar,“ segir hann.

-hpt

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

HEIMSFUMSÝNING! Frábær sálfræðitryllir í anda The Sixth Sense

ROBERT DE NIRO | SIGOURNEY WEAVER **RED LIGHTS**

JACK BLACK SLÆR Í GEGN SEM **BERNIE**

MIDVIKUDAGUR: RED LIGHTS 17:40, 20:00, 22:20 ■ **BERNIE** 17:50, 20:00, 22:10 ■ **UNG (GOODBYE FIRST LOVE)** 20:00 ■ **SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS)** 17:50 ■ **COOL CUTS: 101 REYKJAVÍK** 18:00 ■ **COOL CUTS: WHEN THE RAVEN FLIES** 20:00 ■ **COOL CUTS: HEIMA SIGUR RÓS** 22:00 ■ **BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)** 22:00

BÍÓ PARADÍS - HEIMILI KVIKMYNDANNA
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELÐRI BORGARA.

Tónlist ★★★★★

Ghostigital

Division of Culture and Tourism

Smekkleysa

Annar hljómur, sömu lætin

Hljómsveitin Ghostigital hefur verið ein af mínum uppáhaldshljómsveitum síðustu ár. Tónlistin hennar, sambland af eiturferskum og oft æstum tóktum Curvers og ýktum söng og textum Einars Arnar, líkist engu öðru sem er í boði. Ghostigital á að baki tvær plötur. Ghostigital kom út



2003 og lofaði góðu, en meistaraverkið In Cod We Trust kom út 2006. Ghostigital er frábær tónleika-sveit, en eins og með marga aðra alvöru tónlistarmenn þá er tónleika-upplifunin allt öðruvísi en að hlusta á plöturnar.

Eftir sex ára hlé er komin ný plata, Division of Culture and Tourism. Nafnið er tilvísun í pólitískan frama söngvarans, sem er einmitt formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur. Tónlistin á nýju plötunni

er á sömu slóðum og áður, en þó hefur hljómurinn þróast töluvert. Það sem kemur mest á óvart er að bjögurinn („distortion“ á ensku), eitt helsta einkenni Ghostigital, er að mestu horfin. Maður fékk eiginlega sjokk þegar maður hlustaði á plötuna í fyrsta sinn. Hvar er bjögurinn mín? Það sannast hins vegar við frekari hlustun að tónlist Ghostigital virkar alveg án bjögunar líka. Í fyrstu finnst manni tónlistin hálfnakinn, en svo fer maður að njóta þess að heyra hvert hljóð betur. Það hefði ekki heldur verið sérstaklega spennandi að fá bara In Cod We Trust 2. Ég mæli samt með því að platan sé spiluð hátt. Það verða að vera læti þegar maður hlustar á Ghostigital.

Eitt af því sem hefur einkennt plötur Ghostigital eru flottir gestir. Hápunkturinn var auðvitað Mark E. Smith í laginu Not Clean á In Cod We Trust. Það er mikill gestagangur á Division of Culture and Tourism. Rapparinn Sensational, sem var á báðum fyrri plötunum, á flotta innkomu hér í laginu Don't Push Me, gamli Talking Heads söngvarinn David Byrne klikkar ekki heldur í Dreamland og önnur goðsögn, Alan Vega úr Suicide, syngur í Scary Scary. Stilluppsteypa og Dälek koma líka við sögu.

Það eru mörg flott lög á Division of Culture and Tourism og heildin er sterk, þó að hún nái ekki alveg sömu hæðum og In Cod We Trust. Mín uppáhaldslög eru Don't Push Me, Dreamland, Bursting og Numb.

Á heildina litið er Division of Culture and Tourism mjög flott Ghostigital-plata og ein af bestu plötum ársins til þessa. Tónlist Ghostigital er óvæginn og höfðar ekki til allra. Hún fer seint í síspilun á Bylgjunni. Allir þeir sem eru til í smá læti ættu hins vegar hiklaust að tékka á þessari nýju plötu Curvers og Einars Arnar.

Trausti Júlíusson

Niðurstæða: Einar Örn og Curver fá hjálp frá David Byrne, Alan Vega og fleiri góðum gestum á nýju plötunni.

Þátttakendur í dómastól

Undirbúningur stendur nú yfir fyrir tólftu þáttaröð raunveruleikabáttarins American Idol.

Svo virðist sem Randy Jackson sé sá eini sem ætli að tolla í dómastólinum því báðir samdómamar hans, Jennifer Lopez og Steven Tyler, hafa ákveðið að vera ekki með í næstu þáttaröð. Framleiðendur þáttanna leita því sem óðir að nýjum dómurum til að fylla skarðið og hafa nú brugðið á það ráð að snúa sér að gömlum þátttakendum. Enn sem komið er hefur verið rætt við þau Taylor Hicks, Carrie Underwood, Clay Aiken og Adam Lambert en hvort eitthvert þeirra verði hluti af dómurapanelnum, eða komi að þættinum á annan hátt, hefur þó ekki verið gefið út.



NÆSTI DÓMARI? Verður Carrie Underwood næsti dómari American Idol?

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 25. júlí 2012

Tónleikar

12.00 Kammerkórinn Schola cantorum syngur hádegistónleika í Hallgrímskirkju en kórinn hefur undanfarið sumur sungið vikulega tónleika á miðvikudögum í samstarfi við Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju.



21.00 Söngkonan **Maria Magnúsdóttir** heldur djass-tónleika á Café Rosenberg, Klapparstíg. Efnisskrá tónleikanna verður fyrst og fremst jazzlög

úr öllum áttum en einnig glæný frumsamin lög og örfá tókulög. Miðaverð er kr. 1.500, en 1.000 fyrir nema. Athugið að enginn posi verður á staðnum.

Uppákomur

20.00 Pub Quiz verður haldið í hliðarsal skemmtistaðarins Faktory, er uppákoman liður í tveggja ára afmælisfögnuði staðarins og er aðgangur ókeypis.

Tónlist

20.00 Tríóíð Delizie Italiane býður til tónleika á Hótel Eddu, Laugum í Sælingsdal. Boðið verður upp á suðrænar veitingar á höflegu verði, en aðgangur að tónleikunum er ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettbladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á vísir.is.

Mikið úrval af vönduðum tóskum!

Beckmann
Iceland

SKÓLATÖSKUDAGAR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM

Gildir til 31. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð



Pottþétt par!

Þegar leiðir þeirra lágu saman í fyrsta skipti hér á Íslandi, fyrir einhverjum 60 árum síðan þá vakti það sömu hughrif hjá öllum. Coca Cola og Prince Polo voru sköpuð fyrir hvort annað. Ekkert mun koma upp á milli þeirra. Enn þann dag í dag eru þau uppáhalds snarl-tvænna Íslendinga.

Dekraðu við þig, leyfðu þér að kynnst þessu einstaka pari. Coke og Prince – hleyptu ástinni inn fyrir varirnar og leyfðu henni að blómstra.



SKJÓLVARSPSTÖÐIN ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER EINGÖNGU Í BOÐI Á STÖÐ 2 FJÓLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS

FORD **FIESTA** Trend frá 2.290.000 kr. FORD **FIESTA** Titanium frá 2.490.000 kr.

Kauptu nýjan ríkulega búinn Ford Fiesta Trend eða Ford Fiesta Titanium í dag. Veldu sparneytinn Ford Fiesta, bensín eða dísil, beinskíptan eða sjálfskíptan. Gerðu góð kaup. Fáðu góðan búnað. Falleg hönnun. Góðir aksturseginnleikar. Lágur rekstrarkostnaður. Veldu sparneytinn bíl og fáðu meira fyrir peninginn. Spyrðu um 5 ára verksmiðju-ábyrgð. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford, nýtt tákni um gæði.

ford.is



**NOTAÐIR FORD
AÐ SELJAST UPP!**

Komdu með notaðan
Ford til okkar og settu
hann upp í nýjan

FORD **FIESTA** TREND

FRÁ

19.780 kr./mán.*



* Ford Fiesta Trend 5 dyra 1.25i bensín, 60 hð. beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,5 l/100 km. Losun koltvísýrings CO₂ 127 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og upptökubíl / útborgun að verðmæti 1.150.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppi nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,82%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

ÚTILÍF

ÚTSALA

30%

AFSLÁTTUR AF
THE NORTH FACE
SKÓM OG FATNAÐI





„Það er að sjálfsgöðu lagið Nosa, Nosa sem ég hélt alltaf að væri Mosa, Mosa en það kom í ljós að svo var ekki. Ég er að sjálfsgöðu búinn að búa til vestfirskan texta við það líka.“

Benni Sig, skemmtikraftur og rithöfundur.

Steinunn fetar í fótspor foreldra sinna

„Ég hef alltaf verið að hanna og leika mér og breyta skartgripum sem ég átti, en byrjaði ekki almennilega að hanna og gera gripi frá grunni fyrr en árið 2010 og hef verið að síðan þá,“ segir Steinunn Camilla Sigurðardóttir, söngkona í The Charlies. Fyrsta skartgripalína Steinunnar, Carma Camilla, er nú fánleg á netinu.

Steinunn Camilla á ekki langt að sækja hæfileikana því foreldrar hennar eiga skartgripaverslunina Gull og silfur á Laugavegi og segist Steinunn hafa eytt miklum tíma í versluninni sem barn. „Ég er nánast alin upp í verslun foreldra minna og gæti ekki ímyndað mér lífið án gulls, demanta og fallegrar hönnunar. Ég er afskaplega stolt af skartgripaarfleið okkar.“

Steinunn Camilla hefur þegar hannað tvær

línur undir nafninu Carma Camilla. Sú fyrri ber heitið Isis og sótti söngkonan innblástur að henni til Egypta til forna. Aðallínan kallast Liberty og er innblásin af Frelsisstyttni. „Sú lína var kristaltær í hausnum á mér en ég var lengi að prófa mig áfram með hana,“ segir Steinunn og bætir við: „Ég legg mikla natni í hvern grip og hætti ekki fyrr en ég er orðin fullkomlega sátt og því eru þeir mér allir mjög hjartfólgir.“

Steinunn handgerir hvern grip og blandar gjarnan eldri skartgripum sem hún hefur sankað að sér síðustu tíu árin saman við hönnun sína. Gripina selur hún á vefsíðunni Carmacamilla.com og að sögn Steinunnar hefur eftirspurnin eftir skartinu verið gríðarlega mikil og var það hvatinn að því að hún opnaði netverslunina.



HANNAR SKART Steinunn Camilla Sigurðardóttir, söngkona hljómsveitarinnar The Charlies, hannað og selur skart á netinu. Hún fetar þar með í fótspor foreldra sinna sem eiga skartgripaverslun á Laugavegi.

BIRGIR ÓLAFSSON: HEFUR ALLT TIL AÐ BERA TIL AÐ VERÐA STÓRSTJARNNA

Gylfi rífur upp vinsældir Tottenham á Íslandi

„Það hefur verið um tíu prósent fjölgun á klúbbmeðlimum frá því að þetta Gylfaævintýri hófst allt saman um síðustu mánaðamót og ég hugsa að það eigi bara eftir að aukast þegar deildin fer af stað,“ segir Birgir Ólafsson, formaður Tottenham-klúbbsins á Íslandi.

Á síðustu leiktíð fóru skráðir meðlimir Tottenham-klúbbsins upp í 350 manns, sem er að sögn Birgis mesti fjöldi frá stofnun hans árið 1995. Koma Gylfa Sigurðssonar til liðsins er nú þegar farin að hafa áhrif hérlandis og aðdáendur fjölga ört. Hann er strax orðinn vinsæll ytra líka eftir að hafa skorað mark í sínum fyrsta leik á dögnum. Birgir telur vinsældir hans aðeins eiga eftir að aukast, sleppi hann við öll meiriháttar meiðsl. „Gylfi Sigurðsson er einfaldlega langbesti íslenski knattspyrnumaðurinn í dag. Það gleður mig mikið að hann hafi að lokum ákveðið að fara til Tottenham því ég hef óbilandi trú á honum sem leikmanni og tel hann hafa allt til brunns að bera til að verða súperstjarna. Hann er hógvæð gaur sem lætur verkin tala og það er ekkert vesen á honum. Hann er alveg eins og aðdáendur vilja hafa stjórnurnar sínar,“ segir hann.

Tottenham-klúbburinn heldur úti heimasíðunni Spurs.is, auk þess sem þeir aðstoða við að útvega miða á leiki, gefa út blað á hverju ári og fleira. „Það er aldrei að vita nema við náum Gylfa í samstarf með okkur í nánustu framtíð og fáum til dæmis viðtal við hann í blaðið,“ segir Birgir.

Sjálfur er Birgir ekki enn búinn að festa kaup á nýju Tottenham-treyjunni en segist þó eiga eftir að gera það. Hann er þó ekki viss hvort hún verði merkt Gylfa, en af þeim rúmlega tuttugu treyjum sem hann á eru ekki nema fjórar þeirra merktar.



VINSÆLL

Koma **Gylfa** til Tottenham hefur lyft félaginu upp hérlandis. Formaður Tottenham-klúbbsins á Íslandi, **Birgir Ólafsson**, segir Gylfa vera alveg eins og aðdáendur vilji hafa stjórnurnar sínar.

Nýju treyjurarnar komu í sölu í Jóa útherja fyrir helgi og að sögn Valdimars Magnússonar, starfsmanns verslunarinnar, hafa þær rokið út. „Við fengum vel yfir 100 treyjur sendar og það er farið að sjá vel á lagernum. Það er ekki spurning að það verður sprenging í sölu

á Tottenham-treyjum þetta árið,“ segir hann. Verslunin er nú með í gangi leik þar sem allir sem kaupa hjá þeim Tottenham-treyju fyrir 1. september fara í pott og geta unnið ferð fyrir tvo á leik Tottenham og Wigan þann 4. nóvember næstkomandi.

tinnaros@frettabladid.is



Ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins

VERTU ÚTI

Taktu þátt í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins um náttúru. Sendu inn þína mynd sem tengist náttúrunni með einum eða öðrum hætti og þú getur unnið miða fyrir tvo til Evrópu!

Skilafrestur á mynd er til klukkan tólf á hádegi þann 8. ágúst. Vinningsmyndin verður á forsiðu helgarblaðsins þann 11. ágúst og sigurvegarinn fær að auki tvo flugmiða til einhvers af áfangastöðum WOW Air. Annað og þriðja sæti fá miða fyrir tvo í Borgarleikhúsið.

Sendu inn mynd á ljósmyndakeppni@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Hundruð nota happy hour-app

Heimur snjallsímaeigenda tekur stöðugum framförum og það allra heitasta í dag er smáforrit, eða svokallað app, sem nefnist Reykjavík Appy Hour.

Tímaritið The Reykjavík Grapevine stendur fyrir appinu en í því má finna allar svokallaðar hamingjustundir, eða happy hour, sem boðið er upp á í miðbæ Reykjavíkur. Margir barir og veitingahús bjóða upp á þessar stundir á ákveðnum tímum ákveðna daga og eru drykkir þá á lægra verði en ella.

„Við byrjuðum að taka saman svona lista fyrir blaðið okkar síðasta sumar og svo datt okkur í hug að búa til app fyrir þetta. Við höldum samt áfram að prenta þetta í blaðinu líka,“ segir Páll Hilmarsson, hönnuður hjá Reykjavík Grapevine. Appið kom út 18. júní síðastliðinn og er búið að slá í gegn síðan. „Ég er ekki með töluna alveg á hreinu en það eru einhver hundruð

APPY HOUR Reykjavík Grapevine hefur hannað nýtt app sem auðveldar fólki að finna næsta happy hour í miðbæ Reykjavíkur.



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

manns búin að sækja þetta,“ segir hann. Reykjavík Appy Hour er eina appið sem Grapevine hefur gefið út hingað til en Páll segir vel mögulegt

að þau verði fleiri með tíð og tíma. Appið er fánlegt í alla Android og iPhone síma og er notendum að kostnaðarlausu.

- trs

Rýmum til fyrir nýjum vörum

Sýningarrúm með 30% afslætti

Nýttu þér tækifærið!



elegante
bed-linen fashion
JOOP!
M^cGREGOR
MCGREGOR FASHION GROUP N.V.

SÆNGURVERASETT Í MIKLU ÚRVALI!
30-50% afsláttur af völdum sængurverasettum!
20% afsláttur af öllum nýjum settum!

20-50%
afsláttur

Charlotte & Julien
Dream your world™

Vandaðar heilsudýnur
á frábæru
verði!



C&J Platinum
dýna, botn og lappir

Verð **Júlí-tilboð**

140x200 - kr. 124.800,- **99.840,-**

160x200 - kr. 140.800,- **112.640,-**

180x200 - kr. 153.800,- **123.040,-**

Aukahlutir á mynd gaffl og lappir

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR

Fyrir þínar
bestu stundir!

Charlotte & Julien
Dream your world™



TEMPUR® Original eða Cloud heilsudýna á
C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

JÚLÍ-TILBOÐ Kr. 578.550,-

Verð 749.875,- Þú sparar 171.325,-

Krónur
49.900
afborgun á
mánuði*




Felix svefnsofi

TILBOÐ Kr. 368.900,-
Verð 461.125,-

Breidd: 209 cm
Dýpt: 95 cm
Pokagormadýna:
140x200 cm

Júlí
TILBOÐ



*Miðað við 12 mánn. vaxtalaust lán. Lántökugjald 3,5%

www.betrabak.is

Betra
BAK

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Ópið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FÖNKPÁTTURINN
FIMMTUDAGSKVÖLD
KL. 22



VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingaeyðsla: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

FRÉTTIR AF FÓLKI

Afmælisveisla í miðbænum


Skemmtistaðurinn Faktory í miðborg Reykjavíkur mun efna til mikilla fagnaðarláta um helgina vegna tveggja ára afmælis staðarins. Verða haldnir tónleikar á staðnum öll kvöld frá morgundeginum til sunnudags og kostar ekkert inn. Meðal hljómsveita sem munu spila verða **Arnór Dan** og félagar í Agent



Fresco og Músiktilraunarsigurvegarnir í RetRoBot en báðar sveitir spila annað kvöld. Þá mun ítalski plötusnúðurinn Francesca Lombardo þeyta skífum á laugardagskvöld en hún hefur vakið nokkra athygli á dansgölfum Evrópu síðustu mánuði.

Leita að fólki

Gestir á tónleikum hljómsveitarinnar of Monsters and Men í Hljóm-skólagarðinum 7. júlí gætu átt von á því að verða hluti af tónlistarmyndbandi hljómsveitarinnar. Kvikmyndahópurinn Illusion festi kvöldstundina á filmu og hafa **Nanna Bryndís** og félagar í hljómsveitinni nú ákveðið að nota myndefnið í nýja myndbandinu. Á heimasíðu Illusion óska meðlimir hljómsveitarinnar eftir hjálp við að komast í samband við þá aðila sem bregður fyrir í myndbrotunum sem þeir vilja nota. Allir eru því hvattir til þess að fara inn á heimasíðuna illusion.is/omam, þar sem settar hafa verið upp ljósmyndir úr myndbrotunum, til að sjá hvort þeir reki augun í kunnugleg andlit.



- mpl, trs

Mest lesið VÍSIR

- 1 Hópur gæsa olli umferðarslysi á Hringbraut
- 2 Brevik fluttur í annað fangelsi
- 3 Upprættu kannabispertý í miðborginni
- 4 Geimfarinn Sally Ride er látin
- 5 Laumufarþegi fannst um borð í skipi frá Íslandi

NÝ BÓK
FRÁ
HUGLEIKI



ÉG LÆT SEM EG SOFI
EN SAMT MUN EG VAKA.

www.forlagid.is




„Nilli, þegar maður fær 10 gígabæt fyrir 500 kall þá er tími það eina sem mann vantar.“

Tal

10 GB
Stærsta 3G net landsins
500 kr.

Tal kynnr til sögunnar niðurhal á stærsta 3G neti landsins á áður óþekktu verði. Það þýðir að viðskiptavinir **Tals** sem eru með farsíma í áskrift geta gert ótrúlegustu hluti á netinu á ótrúlegustu stöðum. Jafnvel talað við mömmu á Skype í marga klukkutíma. Kynntu þér **10 GB** fyrir **500 krónur** í síma **6-123456** eða á www.tal.is.

Svona á samband að vera.



■ 3G
■ 2G

Tal er á 3G neti Símans

ÍSLENSKA / SÍA TAL 60492 07.12